# FRÉTTABLAÐIÐ

298. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER 2018




Bára Halldórsdóttir, sem kveðst hafa hljóðritað umdeildar samræður sex þingmanna á barnum Klaustri fyrir um fjórum vikum mætti í gær í Héraðsdóm Reykjavíkur vegna þingfestingar máls fjögurra þingmanna Miðflokksins. Meðal þeirra sem einnig mættu var Freyja Haraldsdóttir sem taldi að sér vegið í tali þingmannanna. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr héraðsdómi í gær er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Óeining hjá Starfsgreinasambandinu

**Brestir virðast vera komnir í samstöðu aðildarfélaga innan Starfsgreinasambandsins um næstu skref í kjaraviðræðunum. Þótt ljóst sé að samningar náist ekki fyrir áramót er ágreiningur um hvort vísa eigi málinu til Ríkissáttasemjara strax eða taka stöðuna á nýju ári.**

**KJARAMÁL** „Eins og ég sé þetta er staðan þannig að stundaglasið er orðið tómt. Kjarasamningar eru bara að renna út. Það er ákall frá hinum almenna félagsmanni um að það verði tekin upp öguð og vönduð vinnubrögð sem eru fólgin í því að nýr kjarasamningur taki við af þeim gamla,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og fyrsti varaforseti ASÍ.

Hann segir það liggja fyrir að nýr samningur muni ekki liggja fyrir þegar sá gildandi rennur út um áramót. „Það þyrfti allavega algjört kraftaverk til þess. Það liggur fyrir að við höfum ekki fengið að sjá á nein spil SA um hvað er í boði svo ég tali nú ekki um skeytingarleysi stjórnvalda. Við hefðum viljað vísa þessari deilu til Ríkissáttasemjara til að koma þessu í eitthvert ferli.“

Af 18 formönnum aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins (SGS) vildu sjö vísa málinu strax til Ríkissáttasemjara en ellefu vildu bíða og taka stöðuna eftir áramót. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr verkalýðshreyfingunni er kominn talsverður brestur í samstöðuna innan SGS en umrædd ákvörðun var tekin fundi á föstudaginn.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sem er langstærsta aðildarfélag SGS, var ein þeirra sem vildu vísa málinu strax til Ríkissáttasemjara. Heimildarmenn blaðsins búast við því að ákvörðun verði tekin á næstu dögum um næstu skref Eflingar í kjaraviðræðunum.

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS og Einingar-Iðju á Akureyri, segir það ekkert nýtt að það séu skiptar skoðanir og menn ræði sig venjulega út úr því. „Menn fóru bara í félögin og hittu sínar samninganefndir og þar eru bara mismunandi skoðanir um hvort það eigi að vísa strax eða ekki. Við formennirnir förum bara eftir því sem okkar samninganefndir segja. Mín samninganefnd vildi sjá til.“ Hann segist reikna með því að fundað verði með samninganefnd SA á fimmtudaginn. **– sar /** **sjá síðu 8**



**Á Fjölnisvegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Fór af stað án tilskilinna leyfa

**FRAMKVÆMDIR** Borgin hefur stöðvað framkvæmdir við glæsihýsið við Fjölnisveg 11 þar sem breytingar sem stendur til að gera á því eru ósamþykktar.

Húsið á Ingólfur Shahin, eigandi bókunarfyrirtækisins Guide to Iceland. „Fyrst hann vildi æða af stað og framkvæma áður en leyfi lá fyrir hef ég kúplað mig frá þessu,“ segir Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt og hönnunarstjóri verksins. **– smj /** **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Val á skóla á forsendum barnsins og óháð efnahag. 13

**SPORT** Stórt alþjóðlegt CrossFit-mót á Íslandi í vor. 16

**LÍFIÐ** Reif allsráðandi á Sónarhátíðinni. 30














## Veður




Áfram austlæg átt, 5-13 í dag en 15-20 um tíma seinnipartinn austanlands. Skúrir um sunnanvert landið og rigning austan til fram á kvöld, en annars þurrt. Hiti 1 til 9 stig, hlýjast á Suðurlandi. SJÁ SÍÐU 20

# Spreyta sig á að skreyta




Á Loft Hostel í Bankastræti segja menn að ágætt sé að borða kökur en að enn skemmtilegra sé að skreyta nýbakaðar kökur. Í gærkvöldi var þar efnt til keppni í piparkökuskreytingum og voru það helst ferðamenn sem létu til sín taka þá stund sem ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við. Ekki var annað að sjá en að keppendur legðu sig alla fram og undu þeir sér hið besta við listsköpunina enda var heitið góðum verðlaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Þrjú hundruð saka João Teixeira de Faria um gróf brot.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Forsetaheilari sakaður um kynferðisbrot

**BRASILÍA** João Teixeira de Faria, kristilegur brasilískur heilari, var handtekinn í gær eftir að hann gaf sig fram við lögreglu. Opinberlega hafði verið lýst eftir Faria en alls hafa nú rúmlega 300 konur sakað hann um kynferðisbrot.

> Á meðal þeirra sem hafa leitað til Faria eru brasilísku forsetarnir Lula da Silva, Dilma Rousseff og Michel Teme. Hann á yfir höfði sér þungan fangelsisdóm verði gefin út ákæra á hendur honum fyrir nauðgun.

Heilarinn, sem er einnig þekktur sem João de Deus, hefur meðhöndlað mikinn fjölda fólks frá því hann opnaði starfsstöð sína í bænum Abadiânia árið 1976. Á meðal þeirra sem hafa leitað til Faria eru brasilísku forsetarnir Lula da Silva, Dilma Rousseff og Michel Temer. Faria kom svo fyrir augu alþjóðar árið 2013 þegar viðtal við hann birtist í þætti Oprah Winfrey.

Hinn ásakaði hefur neitað því að hann hafi brotið af sér. Hann gæti átt yfir höfði sér þungan fangelsisdóm, verði hann ákærður fyrir nauðgun. – þea



**Nýi flokkurinn vill bæta kjör aldraðra.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Stofnuðu flokk aldraðra Dana

**DANMÖRK** Rúmlega átta þúsund Danir hafa gerst félagar í nýstofnuðum stjórnmálaflokki, Borgernes Parti eða Flokki borgaranna. 71 árs gamall Dani, Jørgen Mikkelsen, stofnaði flokkinn til að skapa umræður um óviðunandi aðstæður aldraðra, að því er segir á fréttavef Jyllands-Posten.

Haft er eftir Mikkelsen, sem er ráðgjafi í stéttarfélagi, að aldraðir hafi gleymst árum saman. Því þurfi að breyta. Flokkurinn muni vinna með þeim stjórnmálaflokkum sem vilja bæta kjör eftirlaunamanna. – ibs

# Framkvæmdir stopp í innpökkuðu glæsihúsi

**Eigandi Guide To Iceland hóf umfangsmiklar framkvæmdir og breytingar á Fjölnisvegi 11 áður en leyfi lágu fyrir. Búið að stöðva framkvæmdirnar. Verið að taka húsið alveg í gegn. Húsinu var pakkað inn til að geta unnið við það í vetur.**

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdir við hið fræga glæsihýsi við Fjölnisveg 11 hafa verið stöðvaðar þar sem breytingar sem stendur til að gera á því eru enn í grenndarkynningu og því ósamþykktar.

Húsið, sem verið hefur í eigu margra þekktustu athafna- og auðmanna landsins undanfarin ár, hefur vakið athygli vegfarenda að undanförnu enda hefur því verið pakkað kyrfilega inn. Reist hefur verið skjólhús utan um húsið fræga.

Húsið eignaðist Ingólfur Shahin, eigandi bókunarfyrirtækisins Guide to Iceland, sem notið hefur mikillar velgengni undanfarin misseri og skilað eigendum sínum ríkulegum hagnaði, líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um.

Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt og titlaður hönnunarstjóri verksins, segir að eitt hafi leitt af öðru við framkvæmdirnar. Framkvæmdir innanhúss hafi leitt í ljós að flestir innveggir hafi verið óeinangraðir og afar hljóðbært milli veggja. Því var kippt í lag, auk þess sem frekari endurnýjun varð á innra rými hússins.

„Svo hélt hann áfram upp í gegnum húsið. Bjó til nýjan stiga upp í risið til að geta nýtt það almennilega,“ segir Jón Þór.

Þær breytingar sem Ingólfur hefur sótt um að gera á húsinu eru einmitt að setja upp þennan nýja stiga milli hæðar og riss, setja tvo nýja kvisti í þakið að aftanverðu eins og eru framan á því og lækkun garðs framan við húsið. Sem fyrr segir er ekki búið að samþykkja erindið.

Loks þegar kom að þakinu komu fleiri vandræði í ljós.



**Fjölnisvegur 11 vekur nú athygli fyrir að vera eins og risastór jólapakki að sjá. Fyrir innan hafa framkvæmdir verið stöðvaðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Fyrst hann vildi æða af stað og framkvæma áður en leyfi lá fyrir hef ég kúplað mig frá þessu. Ég var búinn að benda honum á að hann gæti lent í vandræðum án leyfa.
>
> Jón Þór Þorvaldsson arkitekt

„Þá kom í ljós að þakið er nánast ónýtt, bara myglað. Og þar sem hann ætlar að reyna að búa þarna fer hann í að lagfæra þakið. Sækir um leið um leyfi hjá borginni til að gera þessa kvisti.“

Af umsögnum er ekki að sjá að athugasemdir hafi borist vegna kvistanna.

Skipta þarf því um þakið og koma fyrir steinflísum sem fluttar eru inn frá Póllandi líkt og vinnuaflið í húsinu. Og til að reyna að nýta verkamennina sem komnir eru hingað til lands á launum ákvað Ingólfur að setja framkvæmdirnar í gang við að laga þakið.

„Til að geta unnið þetta svona seint á árinu ákváðu þeir að pakka húsinu inn. Ég hafði aldrei séð svona. En þarna inni er allt annað hitastig og fín vinnuaðstaða,“ segir Jón Þór um innpökkunina.

En þegar framkvæmdir voru komnar af stað, bak við huliðshjúpinn, segir Jón Þór líklegt að einhver hafi klagað.

„Og það er búið að stöðva framkvæmdirnar og það helgast af því að hið endanlega leyfi er ekki komið. Fyrst hann vildi æða af stað og framkvæma áður en leyfi lá fyrir hef ég kúplað mig frá þessu. Ég var búinn að benda honum á að hann gæti lent í vandræðum án leyfa.“

mikael@frettabladid.is

LED ljós fyrir grillið

Nú er ekkert mál að grilla allt árið
Öflugt ljós með 10 LED ljósum
Festist á handfang grillsins
360 gráðu snúningur




VERÐ ÁÐUR 4.990
JÓLATILBOÐ
3.990

Opið alla daga til jóla
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400




HEIMA: Skólavörðustígur 12. KONUR: Skólavörðustígur 7 og Kringlan, Reykjavík; Hafnarstræti, Akureyri. KARLMENN: Skólavörðustígur 16. Haukadalur. Geysir.com

# Forsetar þingsins lýsa yfir vanhæfi sínu í meðferð Klausturmálsins

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Alþingis, auk allra varaforseta þingsins ásamt áheyrnarfulltrúum í forsætisnefnd þingsins, hefur sagt sig frá siðareglumálinu er varðar ummæli Klaustursþingmannanna og meðferð þess í siðanefnd þingsins.

Er þetta gert til þess að taka af allan vafa um mögulegt hæfi og til að tryggja framgang málsins, vandaða málsmeðferð og að það geti gengið með réttum hætti til siðanefndar.

Engir varamenn eru í nefndinni og getur hún því ekki tekið málefni þingmannanna til meðferðar.

> Það er alveg ljóst að hæfisreglur stjórnsýsluréttarins eru býsna strangar gagnvart þingmönnum í þessari aðstöðu.
>
> Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis



Steingrímur J. Sigfússon þingforseti segir mikilvægt að málið nái fram að ganga á sem öruggastan hátt.

„Forsætisnefnd kemur saman í byrjun nýs árs til að skoða nauðsynlegar lagabreytingar svo að ekki verði töf á málinu. Við í forsætisnefnd verðum að meta hæfi okkar á grundvelli hæfisreglna,“ segir Steingrímur.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir hæfisreglur þingmanna í þessari aðstöðu afar strangar.

„Ég býst við því að forsætisnefnd þingsins kanni hvaða leiðir eru færar til að málið tefjist ekki og komist sem fyrst til siðareglunefndar. Það verður væntanlega gert þegar þing kemur saman,“ segir Helgi. „Það er alveg ljóst að hæfisreglur stjórnsýsluréttarins eru býsna strangar gagnvart þingmönnum í þessari aðstöðu. Svona er lagabókstafurinn að hver nefndarmaður metur hæfi sitt og þetta er niðurstaða hvers og eins nefndarmanns.“

Samkvæmt heimildum blaðsins sendu þeir þingmenn Miðflokksins sem töluðu á Klaustri nefndinni bréf þar sem meðal annars voru reifuð sum þeirra ummæla sem hluti nefndarmanna létu falla í kjölfar uppljóstrana Báru Halldórsdóttur. Í bréfinu var spurt hvort ekki væri ástæða til að efast um hæfi hluta þeirra þingmanna sem þar sitja. – **sa**

## Reynir býður Arnþrúði sátt

**DÓMSMÁL** Reynir Traustason, fyrrverandi ritstjóri DV og stjórnarformaður Stundarinnar, býður Arnþrúði Karlsdóttur, útvarpsstjóra Útvarps Sögu, að draga ummæli sem hún lét falla um Reyni til baka, biðjast afsökunar og greiða 700 þúsund krónur til að sleppa við meiðyrðamál.

„Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannslíf á á á samviskunni þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?“ er meðal ummæla sem Arnþrúður lét falla og Reynir vill fá dæmd ómerk. – **þþ**

## Haframjólk uppseld

**VERSLUN** Framleiðendur Oatly-haframjólkurvara hafa sent frá sér tilkynningu þar sem þeir útskýra að þeir geti ekki annað eftirspurn eftir vörum sínum. Sprenging hefur orðið í neyslu mjólkur úr jurtaríkinu því færri drekka kúamjólk.

Innnes er dreifingaraðili vörumerkisins á Íslandi. Við Fréttablaðið segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness, að ekkert nýtt vörumerki hafi fengið jafn mikla sölu og þetta. – **sa**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Líkamlega örþreytt en andlega hamingjusöm eftir gærdaginn

**Bára Halldórsdóttir mætti fyrir rétt í gær vegna máls fjögurra Klaustursþingmanna gegn henni. Lögmaður þingmannanna krefst þess að fá myndefni úr eftirlitsmyndavélum á svæðinu til að ganga úr skugga um að Bára hafi verið ein á ferð. Bára segist telja ólíklegt að málatilbúnaður fjórmenninganna muni gera þeim gott.**



Bára Halldórsdóttir gengur til dómsals í gær ásamt lögmanni sínum Ragnari Aðalsteinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**DÓMSTÓLAR** Fjölmenni beið Báru Halldórsdóttur, sem hljóðritaði samtal þingmanna á Klaustri bar 20. nóvember síðastliðinn, er hún gekk inn í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. Fólk hvatti hana til dáða og sýndi henni stuðning með nærveru sinni.

Fjórir þingmenn Miðflokksins kanna nú grundvöll þess að höfða einkamál gegn Báru vegna hljóðupptökunnar.

Lögmaður fjórmenninganna, Reimar Snæfells Pétursson, fór fram á að myndefni úr eftirlitsmyndavélum yrði rannsakað til að varpa ljósi á málið. Þannig megi sjá hvernig Bára hafi haldið upptökunni leyndri frá þingmönnunum, hvaða aðferðum hún beitti og hversu sterkur ásetningur hennar var.

Bára segir samvisku sína hreina og segir að málið hljóti á einhvern hátt að leysast farsællega. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni að kvöldi dags var hún þreytt.

„Ég er þreytt eftir daginn, þetta tekur á fyrir líkamann minn en andlega er ég voðalega hamingjusöm,“ segir Bára.

„Þetta var voðalega spes tilfinning að vera í héraðsdómnum. Ég sat þarna og þurfti ekkert að segja neitt. Það var fallegt að sjá svona marga með mér,“ segir Bára.

„Til þess að gera svona hluti þarf ég að taka svolítið af lyfjum og það er erfitt fyrir mig að sitja svona lengi og svo stóð ég lengi að tala við blaðamenn bæði fyrir og eftir. Þetta er svolítil vinna fyrir kroppinn minn en það er bara þannig að stundum þarf að gera meira á sumum dögum en öðrum.“

> Þetta er voðalega niðurdrepandi hjá þeim.
>
> Bára Halldórsdóttir

Bára segir þessa daga hafa verið skringilega og að hún hafi ekki búist við því að þingmenn Miðflokksins myndu mæta í réttarsalinn í gær.

„Nei, ég bjóst svo sem ekki við að þessir menn myndu láta sjá sig. Er það ekki pínu stíllinn í dag að nenna ekki að mæta þessa dagana?“ spyr Bára.

„Ég er ekki smeyk eftir þetta og er bara áhugasöm um að sjá hvað dómarinn kemur með þarna á föstudaginn. Ég finn fyrir svo miklum stuðningi í samfélaginu að þetta hlýtur bara að leysast einhvern veginn.“

Bára segir ólíklegt að þessi vegferð þingmannanna eigi eftir að gera þeim gott. Í raun og veru finnist henni þetta ekki gera neitt nema að draga þeirra málstað niður.

„Þetta er voðalega niðurdrepandi hjá þeim. Ég kannski sé þetta bara frá mínu sjónarhorni og kannski er einhver partur þjóðarinnar sem styður þá í þessu og finnst þetta flott hjá þeim en ég er ekkert að rekast mikið á það og sé það ekki sjálf,“ segir Bára Halldórsdóttir.

sveinn@frettabladid.is




## Segja orð sérfræðings geta skapað ótta

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítali og Sjúkratryggingar Íslands gera athugasemdir við orð Páls Ingvarssonar, sérfræðilæknis Grensásdeildar Landspítala, um að sparnaður vegna kaupa á þvagleggjum sé skammvinnur og geti jafnvel ógnað lífi sjúklinga.

Sjálfsbjörg og sérfræðilæknar hafa gagnrýnt það að framboð hafi verið minnkað á þvagleggjum og þvagvörum fyrir skjólstæðinga sína og segja málið alvarlegt.

„Umræðan hefur snúist um að SÍ hafi tekið ákveðnar vörur út úr rammasamningi. Hið rétta er að ekki barst gilt tilboð um umræddar vörur og samkvæmt lögum um opinber innkaup er kaupanda óheimilt að semja um aðrar vörur en þær sem boðnar eru með gildu tilboði,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala.

María Heimisdóttir, forstjóri SÍ, ritar undir yfirlýsingu fyrir hönd SÍ en Rúnar Bjarni Jóhannsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs



Landspítali og Sjúkratryggingar segjast harma misskilning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landspítala, ritar undir hana fyrir hönd sinnar stofnunar.

Páll Ingvarsson sérfræðilæknir fullyrðir að þær breytingar sem urðu við nýjan rammasamning Sjúkratrygginga Íslands í nóvember síðastliðnum ógni heilsu sjúklinga sem þurfi á þessum þvagleggjum að halda við daglega iðju sína og sá sparnaður sem hljótist af sé skammvinnur þegar allt er tekið saman.

Landspítali, sú stofnun sem Páll starfar við, gagnrýnir þessi ummæli.

„Landspítali og SÍ harma þann misskilning sem einkennt hefur umræðuna og hvetja til upplýstrar umfjöllunar sem skapar hvorki ótta né óöryggi hjá notendum.“ – **sa**


JÓLA-
FJÖR
25% afsláttur
inni- og útiseríur • jólaljós
BOSCH
Tilboðsverð
Brauðrist
1090W hvít
6.495
65742036
Almennt verð: 8.895
lumineo
1·2 Glow
Miklu auðveldara að setja á tréð!
Tilboðsverð
Sería
150cm/126ljós, 180cm/171ljós, 210cm/223ljós. Verð frá:
2.396
42495460-3
Almennt verð frá: 3.195
25% afsláttur
af öllum leikföngum
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.
BOSCH
Invented for life
25% afsláttur
af pottum & pönnum
BerlingerHaus
Tilboðsverð
Potta og pönnusett 3 stk.
7.496
41114562
Almennt verð: 9.995
Tilboðsverð
Rafhlöðuborvél
EASY1200.
13.226
74864070
Almennt verð: 18.895
-30%
-30%
Tilboðsverð
Höggborvél
PSB700-2RE.
13.997
74860700
Almennt verð: 19.995
Gleðilega hátíð
Jólagjafa-handbókin 2018
BYKO
Skoðaðu jólagjafa-handbókina á byko.is
Nýtt
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Afgreiðslutími um jól og áramót er á byko.is

# Forseti Alþingis sáttur við haustþingið

**Einu afkastamesta haustþingi Alþingis lauk í síðustu viku. Starfsáætlun stóðst og engir næturfundir voru haldnir. Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, þakkar góðri skipulagningu og fyrirsjáanleika fyrir þingmennina að svo vel hafi tekist til. Fundardagar voru 45.**

**ALÞINGI** 149. þing Alþingis var sett annan þriðjudag í septembermánuði. 45 þingfundardögum seinna er þing farið í frí á nýjan leik og kemur ekki saman fyrr en 21. janúar á næsta ári. Alls var fundað á Alþingi Íslendinga í 290 klukkustundir, eða sem samsvarar um 36 vinnudögum.

Á þessum 290 klukkustundum voru lögð fram 144 lagafrumvörp í þinginu. 56 þeirra komu frá ríkisstjórn en 88 frumvörp komu frá óbreyttum þingmönnum, formönnum fastanefnda þingsins eða þingnefndum í heild.

Á þessum 45 þingfundardögum voru 37 lagafrumvörp samþykkt í þinginu. Aðeins fjögur þingmannamál voru samþykkt, þar af tvö frá forseta þingsins og forsætisráðherra.

Aðeins Silja Dögg Gunnarsdóttir og Birgir Ármannsson fengu sín frumvörp fram. Birgir um starfsmenn þingflokka og aðstoðarmenn formanna stjórnmálaflokka og Silja Dögg um barnalífeyri.

„Við lögðum upp með að standa við starfsáætlun þingsins og það tókst. Það hefur sjaldnast tekist hin síðari ár. Einnig verður að hafa í huga að aldrei stóð þingfundur lengur en til miðnættis og það er líka ánægjuleg nýlunda," segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti þingsins.

„Einnig einsettum við okkur það markmið að málaskrá ráðherra myndi standast. Með því var hægt að raða málum lengra fram í tímann og þingmenn gátu því skipulagt tíma sinn betur. Því erum við mjög ánægð með hvernig til tókst."

Önnur frumvörp óbreyttra þingmanna bíða annars vegar fyrstu umræðu í þingi eða sitja í nefndum þingsins. Eins og tíðkast mun aðeins brotabrot þessara mála koma fyrir þingið aftur til annarrar umræðu en önnur daga uppi í nefndum.

Í samtölum við þingmenn undanfarna daga má merkja nokkurn létti með að vera komnir í langt jólafrí fjarri Austurvelli og þingsölunum. Starfsandinn síðustu daga eftir uppljóstrunina á Klaustri hefur að margra mati varpað svo ljótum skugga á þingið að menn hafi átt erfitt með að starfa innan þess.

Þingmenn hafa sem aldrei fyrr verið iðnir við fyrirspurnir til ráðherra. Hafa 239 fyrirspurnir verið lagðar fram til svars. Af þessum fjölda hefur 15 verið svarað munnlega og 120 skriflega. Ein fyrirspurn var afturkölluð og því bíða nú 103 fyrirspurnir eftir því að vera svarað efnislega af ráðherrum í ríkisstjórn.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur verið duglegastur við fyrirspurnaskrifin og hefur sent frá sér rúmlega 30 fyrirspurnir á haustþinginu.

Hér áður fyrr tíðkuðust svokallaðar utandagskrárumræður um hin og þessi mál sem þingmenn töldu brýnt að ræða. Þessi dagskrárliður hefur undanfarin ár kallast Sérstakar umræður og áttu 18 slíkar umræður sér stað á þessum 45 þingfundardögum, allt frá umræðum um stöðu iðnnáms til eignarhalds á bújörðum.

94 þingsályktunartillögur bárust þinginu og aðeins níu þeirra voru samþykktar á þinginu. Langflestar þeirra komu frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra vegna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. 53 bíða enn umræðu, langflestar frá óbreyttum þingmönnum í þingsal. **sveinn@frettabladid.is**



**Alþingismenn lögðu fram 239 fyrirspurnir til ráðherra á haustþingi. Tæplega helmingnum, eða 103, hefur enn ekki verið svarað.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**144** lagafrumvörp voru lögð fram á haustþingi.

**Frumvörp eftir flokkum**

| | |
|---|---|
| Píratar | 23 |
| Sjálfstæðisflokkur | 19 |
| Viðreisn | 13 |
| Miðflokkur | 9 |
| Vinstri græn | 9 |
| Flokkur fólksins | 6 |
| Samfylking | 5 |
| Framsóknarflokkur | 4 |

**56 stjórnarfrumvörp**
Af 56 stjórnarfrumvörpum eru **32** orðin að lögum.

**88 þingmannafrumvörp**
Af 88 þingmannafrumvörpum eru **4** orðin að lögum.

■ **Aðeins Silja Dögg Gunnarsdóttir** og **Birgir Ármannsson** fengu sín frumvörp fram. Birgir um starfsmenn þingflokka og aðstoðarmenn formanna stjórnmálaflokka og Silja Dögg um barnalífeyri.

| | |
|---|---|
| Lagafrumvörp hafa verið samþykkt | 37 |
| Bíða umræðu í þingi | 60 |
| Eru í þinglegri meðferð innan þingnefnda | 47 |

**94 þingsályktunartillögur** voru lagðar fram á haustþingi.

**9** þeirra voru samþykktar.

**53** þeirra bíða enn umræðu.

**239** fyrirspurnir voru lagðar fram.

**120** var svarað skriflega.

**15** var svarað munnlega.

**103** fyrirspurnir bíða svars.

**18** sérstakar umræður fóru fram á haustþingi.

**Einnig verður að hafa í huga að aldrei stóð þingfundur lengur en til miðnættis og það er líka ánægjuleg nýlunda.**

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis









A+++ Orkuflokkur 7 kg Tekur mest
SIEMENS
**Þvottavél**
WM 14N2O7DN, iQ300
Vindur upp í 1400 sn./mín. Sérkerfi eru meðal annars: Kraftþvottur 60 mín., útifatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), viðkvæmt/silki, ull o.fl.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



B Orkuflokkur 7 kg Tekur mest
SIEMENS
**Þurrkari**
WT 44E1L7DN, iQ300
Gufuþétting, enginn barki.
Sérkerfi: Hraðkerfi 40 mín. og heitt 20 mín.
Krumpuvörn við lok kerfis.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



**Orfeus Borðlampi**
18728-25
Hæð: 36 sm.
Jólaverð:
7.500 kr.
Fullt verð: 9.500 kr.

Jólabæklingur okkar er kominn út.
**Fjöldi glæsilegra tækja á jólaverði.**
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

# Meira sælkera

TILBÚIÐ TIL SOUS VIDE ELDUNAR
SOUS VIDE

## Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

**Bornier Sinnep**
Margverðlaunað sinnep frá Frakklandi

**Hagkaups gljáar**
Fyrir kartöflur og hamborgarhrygg

**Ferskur ananas**
Sætur og safaríkur

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Mikil fjölgun umsókna í Tækniþróunarsjóð þýðir að færri fá styrki

**NÝSKÖPUN** „Þessi mikla fjölgun umsókna er vissulega jákvæð og sýnir að það er mikil gróska í nýsköpunarsamfélaginu. En þar sem sjóðurinn hefur ekkert stækkað síðan 2016 segir það sig sjálft að hlutfall þeirra verkefna sem fá styrk er að lækka. Við höfum aðeins áhyggjur af því,“ segir Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur hjá Rannís, um stöðu Tækniþróunarsjóðs.

**14%**

**umsókna um nýsköpunarstyrki í Tækniþróunarsjóð voru samþykkt á árinu.**

Árið 2016 voru gerðar breytingar á sjóðnum og styrktarflokkum fjölgað samhliða auknum fjárveitingum. „Umsóknarfjöldinn jókst þá og hefur haldið áfram að vaxa en sjóðurinn tekur við umsóknum um styrki til nýsköpunar úr öllum geirum atvinnulífsins,“ segir Lýður.

Á yfirstandandi ári bárust 602 umsóknir um styrki úr sjóðnum en einungis var hægt að styrkja 14 prósent verkefna. Á síðasta ári voru umsóknirnar 507 talsins og þá fengu 20 prósent verkefna styrk og 2016 bárust 489 umsóknir og var hlutfall styrktra verkefna 22 prósent.

Í tilkynningu frá Rannís, sem annast rekstur sjóðsins, segir að þetta lága hlutfall skýrist að einhverju leyti af gróskumiklu nýsköpunarumhverfi en að sama skapi fái mörg góð verkefni ekki framgang.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun nýrra verkefnastyrkja upp á 350 milljónir króna og verður farið í samningaviðræður við fulltrúa frá 21 nýsköpunarfyrirtæki. Sjóðurinn úthlutar alls styrkjum fyrir tæpa 2,4 milljarða á ári og þar af rúmum milljarði til nýrra verkefna en verkefni geta verið styrkt til allt að þriggja ára. Ekki er gert ráð fyrir að framlög til sjóðsins aukist á næstu árum. – **sar**

## Kim hrósaði kennaranemum

**NORÐUR-KÓREA** Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, fór fögrum orðum um kennaranema við kennaraháskólann í höfuðborginni Pjongjang í heimsókn þar. Frá þessu greindi norðurkóreska blaðið Uriminzokkiri í gær.



Kim Jong-un.

„Mér líður eins og ég hafi plokkað stjörnurnar af himninum og afhent þessum kennaranemum. Þau ráða framtíð þjóðarinnar,“ var haft eftir Kim.

Ekki er ljóst hvað er kennt í háskólanum. Hins vegar inniheldur norðurkóresk námskrá meðal annars kennslu um mikilmennsku einræðisherra ríkisins, föður hans og afa og um illsku óvinveittra ríkja. – **þea**

## Færist í fyrra horf á Srí Lanka

**SRÍ LANKA** Srílanska rúpían styrktist töluvert og grænar tölur voru á markaði á Srí Lanka í gær. Rekja má þetta til þess að Ranil Wickremesinghe var á ný skipaður forsætisráðherra eftir stjórnarskrárkrísu frá því hann var settur af í lok október.

Eftir að Maithripala Sirisena forseti sparkaði Wickremesinghe, meðal annars vegna fyrirhugaðs morðtilræðis sem samflokksmaður Wickremesinghe er sagður hafa verið viðriðinn, var Mahinda Rajapaksa, áður forseti, skipaður forsætisráðherra.

Þingið hafnaði Rajapaksa, samþykkti vantraust tvisvar og sérstaka traustsyfirlýsingu í garð Wickremesinghe. Því sá Sirisena sig knúinn til þess að framfylgja vilja þingsins.

Að auki þurfti Sirisena að taka þessa ákvörðun þar sem samþykkja þarf fjárlög fyrir nýársdag. – **þea**






# Sólveig Anna vill kjaramálin strax til Ríkissáttasemjara

**Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, er ósátt við þá niðurstöðu formannafundar Starfsgreinasambandsins frá því fyrir helgi að bíða með að vísa kjaraviðræðum til Ríkissáttasemjara. Hún segir að Samtök atvinnulífsins vilji ræða grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi vinnutíma áður en launaliðurinn verði ræddur.**



Sólveig Anna segir enga ástæðu til að bíða með að vísa kjaraviðræðum til Ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**KJARAMÁL** „Ég er ekki sátt við þessa niðurstöðu og tel hana ranga. Að mínu mati hefðum við átt að vísa málinu strax til Ríkissáttasemjara,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, um þá ákvörðun formannafundar Starfsgreinasambandsins að vísa kjaraviðræðum ekki til Ríkissáttasemjara fyrir jól.

Á formannafundinum sem haldinn var á föstudaginn vildu formenn sjö félaga vísa málinu strax til Ríkissáttasemjara en formenn ellefu félaga vildu bíða með það fram yfir áramót. Hafa formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins jafnan atkvæðisrétt óháð stærð félaganna. Efling er langstærsta aðildarfélagið með um 27 þúsund félagsmenn en heildarfjöldinn í öllum félögum Starfsgreinasambandsins er um 57 þúsund.

Sólveig Anna segist ekki sjá neina ástæðu til þess að bíða með að vísa málinu til Ríkissáttasemjara. Samtök atvinnulífsins hafi lagt fram hugmyndir um grundvallarbreytingar á íslenskum vinnumarkaði á fundi þar sem samninganefnd Starfsgreinasambandsins hafi búist við að launaliðurinn yrði loksins ræddur.

> **Ég er ekki sátt við þessa niðurstöðu og tel hana ranga. Að mínu mati hefðum við átt að vísa málinu strax til ríkissáttasemjara.**
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

„Þá kom í ljós að til þess að við gætum farið að ræða launaliðinn áttum við fyrst að fara í gegnum hugmyndir um miklar breytingar á allri vinnutímatilhögun á Íslandi. Mér finnst það fráleitur staður til að vera á og af þeim sökum taldi ég langeðlilegast að vísa málinu strax til Ríkissáttasemjara.“

Kjarasamningar á almennum markaði renna út um áramót og því ljóst að afar lítill tími er til stefnu eigi aðilar að ná saman án aðkomu Ríkissáttasemjara.

„Ég er mjög ósátt við þessa uppstillingu, að til þess að við getum fengið svör hjá okkar viðsemjendum um launaliðinn, um hvað sé í boði og hvaða augum þeir líti þessa kröfu okkar um 425 þúsund króna lágmarkslaun við lok samningstímans, þurfum við fyrst að ræða um mikla útvíkkun á dagvinnutíma og breytingar á því hvernig greitt er fyrir yfirvinnu. Mér finnst það ekki eðlilegt og til marks um það að það sé mikill munur á milli þeirra hugmynda sem eru í gangi.“

**sighvatur@frettabladid.is**

# Samkeppni um hönnun stærsta leikskóla landsins

**HÖNNUN** Hafin er samkeppni um hönnun á nýjum 300 barna leikskóla á Seltjarnarnesi. Keppnin er haldin af Seltjarnarnesbæ í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Með byggingu leikskólans yrði til langfjölmennasti leikskóli landsins. Fjölmennasti skólinn í dag er Rauðhóll í Reykjavík með 195 börn í vistun á þremur stöðum í Norðlingaholti.

Um er að ræða opna tveggja þrepa samkeppni þar sem skilafrestur í fyrra þrepi er til 19. febrúar. Að því er kemur fram í keppnislýsingu er áætluð heildarstærð leikskólans um 2.400 fermetrar svo ljóst er að um mikla framkvæmd er að ræða. Lóðin er á núverandi svæði leikskólans við Suðurströnd, ásamt svæði sem kallað er Ráðhúsreitur.

Um aðdraganda samkeppninnar segir að bæjarstjórn hafi sett sér markmið um að taka inn börn frá tólf mánaða aldri á leikskóla bæjarins. Svara þurfi þörf fyrir allt að 300 leikskólapláss frá árinu 2022. Ákveðið hafi verið að byggja nýjan leikskóla sem sameini alla starfsemina á einum stað. Leikskóli Seltjarnarness er í fjórum starfsstöðvum í dag og hann sækja samtals 232 börn.



Byggja á einn skóla fyrir öll leikskólabörn á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við hönnun leikskólabyggingar og leiksvæða skal hugsað fyrir sveigjanleika í notkun, flæði námssvæða, samspili húsnæðis og umhverfis.**
>
> Úr samkeppnislýsingu vegna hönnunar nýs leikskóla á Seltjarnarnesi

„Við hönnun leikskólabyggingar og leiksvæða skal hugsað fyrir sveigjanleika í notkun, flæði námssvæða, samspili húsnæðis og umhverfis og þess er óskað að keppendur geri grein fyrir og sýni fram á góðar tengingar á milli leikskóladeilda, sameiginlegra rýma og stoðþjónustu,“ segir í keppnislýsingunni.

Formaður dómnefndar er Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, skipaður af Seltjarnarnesbæ. – **gar**

# Þú finnur jólagjöfina hjá Vodafone




**iPhone XR**
Verð frá
**134.990 kr.** staðgreitt

**Apple AirPods**
Verð
**24.990 kr.** staðgreitt

**Garmin vivomove HR**
Verð
**33.992 kr.** staðgreitt

**Urbanista New York**
Verð
**19.990 kr.** staðgreitt

Mikið úrval snjalltækja og spennandi kaupauka í jólapakkann handa þínum nánustu.

**Kíktu við í næstu verslun eða á vodafone.is**

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone




# Óttast að niðurstöðum fyrstu kosninganna frá valdaráni verði hagrætt

**Andstæðingar taílensku herforingjastjórnarinnar óttast að komandi kosningum, þeim fyrstu frá valdaráninu 2014, verði hagrætt. Forsætisráðherra herforingjastjórnarinnar mælist vinsælastur og flokkur ráðherra hennar sömuleiðis. Herforingjastjórnin neitar öllum ásökunum um hagræðingu.**




Taílendingar eru margir orðnir langþreyttir á biðinni eftir kosningum. Þessi kona mótmælti töfinni á fjöldafundi fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/AFP

**TAÍLAND** Helstu gagnrýnendur herforingjastjórnarinnar í Taílandi lýsa yfir áhyggjum af því að komandi þingkosningar verði marklaus sýndarleikur. Þetta kom fram í umfjöllun Reuters.

Kosningarnar fara fram þann 24. febrúar næstkomandi en boðað var til þeirra í síðustu viku. Í október 2017 sagði Prayut Chan-o-cha forsætisráðherra að kosningarnar myndu fara fram í nóvember 2018 en svo varð ekki. Hann hafði einnig lofað því að atkvæðagreiðslan yrði haldin 2017.

Um er að ræða fyrstu kosningarnar frá valdaráni hersins árið 2014. Á þeim tíma hafði Yingluck Shinawatra forsætisráðherra fengið Bhumibol Adulyadej konung til að leysa upp þingið og boða til nýrra kosninga.

Demókrataflokkur Taílands, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, sniðgekk þær kosningar og mótmælendur, sem vildu fremur sjá konunginn skipa umbótaráð en nýja ríkisstjórn, gerðu mörgum ómögulegt að taka þátt í kosningunum. Því var kosningum frestað á sumum kjörstöðum.

Það féll ekki í kramið hjá stjórnlagarétti sem úrskurðaði kosningarnar ólöglegar. Nauðsynlegt er að kjósa á sama degi alls staðar. Boðað var til nýrra kosninga en ekkert varð af þeim þar sem herinn tók stjórnina og skipaði herforingjastjórn sem er enn við völd.

Chan-o-cha hyggur á framboð í kosningunum og nýtur stuðnings nokkurra flokka þótt hann sé sjálfur óháður og stýri fyrir hönd hersins. Undanfarnar kannanir hafa sýnt fram á að flestir vilji sjá hann leiða Taíland áfram. Hann mældist með 27 prósent í könnun Rangsit-háskóla í lok nóvember.

Forsætisráðherraefni Flokksins fyrir Taílendinga, Sudarat Keyuraphan, mælist með 18 prósent. Þá mælist Abhisit Vejjajiva úr Demókrötum með 15,5 prósent og Thanathorn Juangroongruangkit úr Framtíðarflokknum með um tíu prósenta stuðning.

Sé horft til stuðnings við flokka mældist Phalang Pracharat, flokkur nokkurra ráðherra herforingjastjórnarinnar, með 26,6 prósent. Flokkurinn fyrir Taílendinga, sem Shinawatra-systkini stýrðu og hefur notið mests fylgis í öllum kosningum frá 2001, mælist með 23,6 prósent, Demókratar nítján og Framtíðarflokkurinn níu.

En aftur að fyrrnefndum áhyggjum stjórnarandstæðinga. Í samtali við Reuters sagði Thitinan Pongsudhirak, stjórnmálafræðingur við Chulalongkorn-háskóla, að herforingjastjórnin hefði með skipulögðum hætti grafið undan taílensku lýðræði. Til dæmis með nýrri stjórnarskrá sem innleidd var 2016.

„Ástæðan fyrir því að margir álíta komandi kosningar spilltar er sú að herinn lætur eins og þær séu tandurhreinar þegar þær eru í raun rotnar,“ sagði Thitinan.

Stjórnin hefur að auki verið sökuð um að breyta kjördæmamörkum sér í hag og gera kjörseðla flóknari í því skyni að lágmarka kjörsókn og hámarka fjölda ógildra atkvæða. Minna má á að herforingjastjórnin lagði bann við pólitísku athæfi á sínum tíma en því var aflétt í síðustu viku þegar boðað var til kosninga.

Herinn hafnar ásökunum sem þessum. „Ef ríkisstjórnin vildi halda völdum af hverju væri hún þá að boða til kosninga?“ spurði upplýsingafulltrúi stjórnarinnar blaðamann Reuters. Ljóst er þó að ýmsir ráðherrar vilja greinilega halda völdum, annars væru þeir ekki í framboði. thorgnyr@frettabladid.is

## Átakalínur að skýrast

Líklega mun kosningabaráttan einna helst markast af átökum á milli flokks Shinawatra-systkinanna og herforingjastjórnarinnar. Flokkurinn byggist á andstöðu við „elítuna“, er sum sé popúlísks eðlis, og ekki í náðinni hjá konungsfjölskyldunni.

Flokksliðar hafa sætt þrýstingi frá herforingjastjórninni sem hefur höfðað ýmis mál gegn meðlimum og hótað því að leysa flokkinn einfaldlega upp. Yingluck Shinawatra var dæmd í fimm ára fangelsi fyrir spillingarmál í fyrra og Thaksin, sem setti knattspyrnufélagið Manchester City næstum á hausinn þegar hann átti það, hefur sömuleiðis verið dæmdur fyrir ýmis mál.

„Við höfum sætt þrýstingi sem þessum áður og höfum sigrað. Við látum þetta ekki á okkur fá. Flokkurinn fyrir Taílendinga berst ekki einn gegn þessari harðstjórn,“ sagði upplýsingafulltrúinn.

Demókratar munu svo standa utan við þessi átök og reyna að bjóða kjósendum upp á þriðja valkostinn í kosningunum á meðan aðrir flokkar eru ólíklegir til að skáka þessum þremur turnum.

> **Ástæðan fyrir því að margir álíta komandi kosningar spilltar er sú að herinn lætur eins og þær séu tandurhreinar þegar þær eru í raun rotnar.**
>
> Thitinan Pongsudhirak, stjórnmálafræðiprófessor við Chulalongkorn-háskóla




# HVER ER ÞINN DRAUMAKODDI?

## TEMPUR HEILSUKODDAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




### TEMPUR SIGNATURE

Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstellingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða faðmað.

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

**Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.**




### TEMPUR ORIGINAL

Fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda af líkamlegum ástæðum. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins. Hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna næturhvíld. Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki. Fáanlegur S / M / L / XL.

Frá: 11.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 14.900 kr.

**Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.**




### TEMPUR CLOUD COMFORT

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr Tempur ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en mýktina líka.

15.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.

**Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.**




### TEMPUR TRADITIONAL

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. **Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.**

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

**Auk þess fylgir koddanum Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr.**

TEMPUR®

HEILSUKODDAR




### TEMPUR VÍSINDALEG UPPFINNING

Uppruna Tempur efnisins má rekja til nýsköpunarvinnu bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA) á 8. áratug síðustu aldar. Vísindamennirnir fundu upp efni sem gat tekið við og jafnað út þrýsting við geimskot frá jörðu og um leið veitt geimförum nauðsynlegan stuðning. Þar með var grunnurinn lagður að Tempur og er framþróuninni haldið áfram í dag til að gera góðan nætursvefn enn betri.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY www.spacefoundation.org

THE *ONLY* MATTRESS AND PILLOW RECOGNIZED BY **NASA** AND CERTIFIED BY THE SPACE FOUNDATION

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**OPNUNARTÍMI VERSLUNAR Í FAXAFENI TIL JÓLA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 15. des. | 11–17 | 17.–19. des. | 10–18 | 23 des. | 10–22 |
| Sun. 16. des. | 13–17 | 20.–22. des. | 10–20 | Aðfangad. | 10–13 |

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

Betra BAK



**Bára Halldórsdóttir ásamt lögmönnum sínum, Ragnari Aðalsteinssyni og Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Telja Báru ekki hafa sagt allt

Fjórir alþingismenn úr Miðflokknum vefengja frásögn Báru Halldórsdóttur af upptökum á Klaustri bar. Stuðningsmenn Báru mættu í héraðsdóm í gær.








**Jón Gnarr styður Báru Halldórsdóttur og mætti í dómsal.**



**Reimar Pétursson, lögmaður Miðflokksmanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Á grænni grein



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Í þrígang hafa þingmenn Pírata lagt fram tillögu til þingsályktunar um notkun og ræktun kannabiss í lækningaskyni. Tillagan var síðast til umræðu í þinginu um miðjan síðasta mánuð. Hún gekk í kjölfarið til umfjöllunar í velferðarnefnd, sem nú hefur óskað eftir umsögnum.

Þingmönnunum ber að hrósa fyrir þrautseigjuna, enda er hér um að ræða mikilvægt mál sem iðulega er afgreitt og afskrifað með einfeldningslegum hætti – jafnvel með yfirlæti – án þess að efnisleg umræða hafi átt sér stað.

Slík umræða hefur raunar átt sér stað víða um heim á undanförnum árum. Helmingur ríkja Bandaríkjanna hefur ýmist lögleitt kannabisnotkun í læknisfræðilegum tilgangi, eða afnumið refsingar vegna neyslu efnisins. Svipuð þróun hefur átt sér stað í tíu Evrópulöndum, auk Kanada og Ástralíu.

Í ritrýndri úttekt Bandarísku vísindanefndarinnar (NASEM) á þeirri þekkingu sem aflast hefur undanfarið á áhrifum kannabiss og kannabínóíða á heilsu fólks kemur fram að veigamiklar vísbendingar séu um tölfræðilegt samhengi milli neyslu á kannabis og geðklofa og annarra geðtruflana. Sama athugun leiðir í ljós að tiltölulega miklar vísbendingar séu um samhengi milli slíkrar neyslu og vitsmunaskerðingar, lágrar fæðingarþyngdar nýbura og aukinnar áhættu á alvarlegum slysum í umferðinni.

Vísindanefndin kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að fullvíst sé að kannabis geti linað þjáningar þeirra sem þjást af krónískum sársauka, hjálpað þeim sem glíma við velgju eftir krabbameinsmeðferð og bætt lífsgæði þeirra sem þjást af heyfiröskun og krampa sökum MS.

Margt er enn á huldu um áhrif þessarar alræmdu jurtar á heilsu fólks. Ein af ástæðunum fyrir þessum skorti á gögnum og niðurstöðum er sú staðreynd að það er hægara sagt en gert að stunda yfirgripsmiklar rannsóknir á efni sem er ólöglegt.

Sally Davies, prófessor og landlæknir á Englandi, tók mið af þessari skýrslu NASEM, og öðrum vísindalegum úttektum, þegar hún lagði til í júní síðastliðnum að algjört bann við notkun kannabislyfja yrði afnumið. Hún sagði óyggjandi vísbendingar til staðar um notagildi kannabislyfja við ákveðnum sjúkdómum. Hún ítrekaði jafnframt að breyting á lagalegri skilgreiningu efnisins opnaði dyrnar fyrir frekari rannsóknum á kostum og göllum þess.

Kannabis hefur sína kosti og sannarlega sína galla, rétt eins og öll lyf. Því er mikilvægt að hugmyndir þingmannanna fái þá umræðu sem hún á skilið. Umræðan er bæði tímabær og sanngjörn þeim sem kunna að njóta góðs af henni; sjúklingum.

**Þingmönnunum ber að hrósa fyrir þrautseigjuna, enda er hér um að ræða mikilvægt mál sem iðulega er afgreitt og afskrifað með einfeldingslegum hætti.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Stóra samsærið**
**Varnarbarátta Miðflokksþingmannanna, sem vilja ekki sætta sig við að hafa framið pólitískt sjálfsmorð í ölæði, tekur á sig æ furðulegri myndir. Nú telur lögmaður þeirra að upptökur úr eftirlitsmyndavélum muni sanna að frásögn hljóðritarans, Báru Halldórsdóttur, standist ekki skynsemisskoðun. Hvernig þessi lagakrókur bætir stöðu þingmannanna blasir í fljótu bragði ekki við. Nema náttúrlega að upptökurnar sýni Báru hella mannskapinn fullan og hvetja áfram í subbutali um alla þá sem þeir töldu sig vera að sletta á í kyrrþey.**

**Hvenær drepur maður…?**
**Klausturmálið virðist hafa komið forsætisnefnd Alþingis í svo undarlega tilvistarkreppu að það stappar nærri pólitískum ómöguleika. Allir þingforsetar hafa lýst sig vanhæfa til að sinna starfi sínu. Alþingismenn vinna við að segja skoðun sína og ættu því í ljósi heilbrigðrar skynsemi aldrei að vera vanhæfir varðandi mál þingsins. Þverpólitískari nefnd er vandfundin og undarlegt að hún geti ekki sinnt skyldum sínu vegna yfirlýstra skoðana á innanþingsmáli. Fyrir utan að það eina sem liggur fyrir nefndinni er að ákveða hvort málið fari til siðanefndarinnar þar sem það fær efnislega meðferð. Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann?**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Innri og ytri fegurð



Úrsúla Jünemann
kennari á eftirlaunum

Hversu miklu máli skiptir útlit fólks í okkar þjóðfélagi? Ég held að það hafi talsverð áhrif á mat okkar hvernig við erum klædd, greidd, klippt og snyrt. Það byrjar þegar á ungum árum. Krakkar eru í hættu á að verða lagðir í einelti ef þeir eru „öðruvísi“ í sínum klæðaburði, tolla ekki í tískunni.

Nýlega var einum þingmanni mikið hjartans mál að ræða klæðaburð starfsbræðra sína, hvort það væri í lagi að menn kæmu í gallabuxum og án bindis. Sjálfstæðismaðurinn Ásmundur Friðriksson vildi ganga svo langt að álit á störfum Alþingis myndi dala ef menn myndu ekki halda í gamlar hefðir í klæðaburði. Hvað gengur manninum eiginlega til að tala um þetta í pontu þegar frekar þarf að ræða og afgreiða mörg mikilvæg mál?

Það er stundum talað um innri og ytri fegurð. Menn sem eru til fara eins og klipptir út úr nýjasta tískublaði geta samt verið ljótir að innan: Spilltir, sjálfselskir, svikulir, lygnir, falskir og undirförulir. Það voru snyrtilega klæddir menn sem sátu að sumbli á bar í vinnutímanum og töluðu illa um samstarfsfólk sitt. Þeir voru í jakka og með bindi þegar þeir sniðgengu fundarboð, þeir læðast meðfram veggjum og vona að fólkið sé fljótt að gleyma. Þeir taka ekki í mál að axla ábyrgð á eigin gerðum og segja af sér. Þeir stefna jafnvel að því að fara í mál við konu sem var svo hugrökk að segja frá.

Ég vil frekar fá menn á þing sem eru án bindis en í bindindi, eru edrú í vinnutímanum og vinna sitt starf í þágu þjóðarinnar án þess að ota sínum tota. Ég vil sjá alþingismenn sem sinna starfi sínu af alúð og festu, þykir vænt um alla þjóðfélagshópa og sjá til þess að allir fái að njóta sín. Menn sem setja almannahagsmuni ofar sínum eigin hagsmunum eða vildarvina sinna.

Svona þingmenn myndu geisla af innri fegurð og væru sennilega vísir til þess að færa álit Alþingis á hærra plan. Þeir mættu mín vegna mæta til starfa klæddir í gamla kartöflupoka.

**Ég vil frekar fá menn á þing sem eru án bindis en í bindindi, eru edrú í vinnutímanum og vinna sitt starf í þágu þjóðarinnar án þess að ota sínum tota.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Á forsendum barnsins



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Valfrelsi er ekki eingöngu falleg hugmyndafræðileg nálgun heldur er það einn af lyklunum til þess að hver einstaklingur geti notið sín á eigin forsendum, það eykur lífsgæði hvers og eins og ýtir undir manneskjulegra samfélag, sem tekur tillit til fjölbreytileikans.

Mikilvægt er að menntakerfið setji ekki börnin okkar fyrirfram í tiltekin box eða farveg án þess að við eða börnin sjálf höfum nokkuð um það að segja. Foreldrar frekar en kerfið eru betur í stakk búnir til að velja hvað er barninu fyrir bestu og þegar foreldrar standa frammi fyrir því að börn þeirra geta verið alls konar er brýnna en ella að tryggja að valfrelsi sé til staðar.

**Sjálfstæðir skólar kærkomin viðbót**

Viðreisn hefur haft það á stefnuskrá sinni frá upphafi að styðja eigi við fjölbreytt rekstrarform menntastofnana, sem lykilleið til að fjölga valkostum í námi. Þar eru sjálfstæðir skólar kærkomin viðbót við menntaflóruna. Hlutfall sjálfstætt starfandi skóla er afar lágt á Íslandi, eða um 2% allra starfandi skóla. Til samanburðar eru þeir um 15% í Svíþjóð og 12% í Danmörku. Að okkar mati er mikilvægt að sveitarfélög geti boðið upp á umhverfi, með fjölbreytnina í fyrirrúmi, þar sem sjálfstæðir skólar geta starfað við hlið opinberra; hvort sem um er að ræða leik- eða grunnskóla. Í því felst engin ógnun, miklu heldur tækifæri til að styðja börn með ólíka hæfileika og ólíkar þarfir.

Þar fyrir utan skapa sjálfstætt starfandi grunnskólar ný tækifæri fyrir kennarastéttina. Fjölbreytileikinn ýtir undir vitund fólks um hvers konar skólar eru í boði og hvers vegna. Slíkt umhverfi hlýtur að teljast eftirsóknarvert fyrir alla sem koma að skólamálum.

> **Til þess að tryggja þetta dýrmæta valfrelsi og styrkja jöfn tækifæri innan menntakerfisins hefur þingflokkur Viðreisnar ásamt fleiri þingmönnum lagt fram nýtt frumvarp sem breytir lögum um grunnskóla á þann hátt að létt verði undir greiðslubyrði á foreldrum.**

Til þess að tryggja þetta dýrmæta valfrelsi og styrkja jöfn tækifæri innan menntakerfisins hefur þingflokkur Viðreisnar ásamt fleiri þingmönnum lagt fram nýtt frumvarp sem breytir lögum um grunnskóla á þann hátt að létt verði undir greiðslubyrði á foreldrum. Þannig verði stuðlað að því að val þeirra á skólum grundvallist af faglegum forsendum en ekki efnahag. Að hagur barnsins verði í fyrirrúmi.

**Að hafa val út frá barninu sjálfu**

Ákveðinnar tortryggni gætti meðal vissra afla þegar fyrsta skrefið til að tryggja rekstraröryggi sjálfstætt starfandi skóla var tekið með lögunum árið 2007. Reynslan á þessum ríflega 10 árum hefur þó sýnt að við höfum styrkt innviði skólakerfis okkar til muna – og að það er rétt að halda því áfram. Þess vegna leggjum við til hófleg skref til hækkunar á því lágmarksframlagi sem sveitarfélögum ber að greiða með börnum í sjálfstætt starfandi skólum. Er það annars vegar gert til að lágmarka þann kostnað sem fellur á foreldra og hins vegar til að val foreldra miðist frekar við hvaða úrræði henti þörfum barna þeirra hverju sinni. Óháð efnahag og óháð rekstrarformi.

Við viljum öll tryggja jöfn tækifæri og öflugt menntakerfi fyrir alla. Það gerum við best með því að ýta undir þá valkosti sem geta laðað það besta fram í hverju og einu skólabarni og leyft því að þroskast á eigin forsendum.

# Eineltishugtakið þrengt



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur og borgarfulltrúi

Ég hef átt fund með félags- og jafnréttisráðherra til að ræða við hann um reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Tilefnið var annars vegar beiðni um breytingar vegna þrengingar sem gerð var á skilgreiningu eineltis í eineltisreglugerð árið 2015 og hins vegar að rannsakendur væru óháðir.

Breytingin sem átti sér stað 2015 fól í sér að það sem var „ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi“ breyttist í aðeins „síendurtekin ámælisverð hegðun“. Túlkunin á þessari þröngu skilgreiningu hefur gengið svo langt hjá mörgum þeim sem rannsaka eineltiskvartanir að þeir hafa fullyrt að háttsemin þurfi að vera viðhöfð vikulega yfir það tímabil sem kvörtunin nær til ef hún eigi að flokkast sem síendurtekin og þ.a.l. undir einelti.

Þrenging skilgreiningarinnar hefur haft fælingarmátt. Fólk sem telur sig þolendur segir að það þýði ekki að kvarta þar sem skilgreiningin sé svo þröng. Með vísan til þessa má telja að óheillaskref hafi verið stigið með breytingunni á skilgreiningu eineltis með setningu reglugerðar nr. 1009/2015. Vandséð er hvað vakti fyrir framkvæmdarvaldinu með þrengingu skilgreiningarinnar. Það er óskandi að ráðherra geri þær breytingar á reglugerðinni að skilgreiningin á einelti verði færð í fyrra form og þannig miðað við að einelti sé ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, svo sem áður var mælt fyrir um í reglugerð.

**Er rannsakandinn óháður?**

Einnig ræddum við um að margir sem komið hafa að þessum málum hafa orðið varir við að utanaðkomandi sérfræðingar sem rannsaka eineltisásakanir á vinnustað, komast nánast alltaf að sömu niðurstöðu og vinnuveitandinn virðist hafa í eineltismálinu, þ.e. sami aðilinn og kallar sérfræðinginn til og greiðir fyrir rannsóknina. Rannsakandinn er eins og gefur að skilja háður vinnuveitandanum með þóknun sína. Oft er atvikum einnig háttað á þann veg að vinnuveitandinn er tengdur málinu eða kann að hafa sterkar skoðanir á því hvort einelti hefur átt sér stað eða ekki. Á mannamáli, eins og margir þolendur hafa sagt, þá er eins og niðurstaðan sé keypt.

Mikilvægt er að tryggja að rannsakandi sé óháður með sama hætti og gert er þegar dómstóll kallar til dómkvaddan matsmann. Tilkynnandi verður að fá tækifæri til að hafa hönd í bagga með hverjir rannsaka mál hans. Hann þarf að geta treyst því að sá sem fenginn er til að rannsaka málið sé sannarlega óháður.



# „Krabbamein sálarinnar“



**Ole Anton Bieltvedt**
stofnandi og formaður Jarðarvina

Í grundvallaratriðum drepa dýr önnur dýr sér aðeins til matar og lífsviðurværis. Sköpunarverkið er byggt á þann veg. Líf og afkoma margra dýra byggist á slíkri lífskeðju náttúrunnar. Við því er vitaskuld ekkert að segja.

Maðurinn er hér þó undantekning. Hann er eina dýrið, sem drepur önnur dýr og lífverur að gamni sínu; sér til fróunar, gleði og skemmtunar.

Um daginn var afmælisgrein í blaði um lækni á Austfjörðum, sem varð sextugur þann dag. Lagði læknirinn blaðinu til mynd, sem fylgdi greininni, þar sem hann krýpur yfir dauðu hreindýri, sem hann hafði skotið. Heldur hann drápsvopninu hátt í vinstri hendi, en lyftir höfði dauðs dýrsins með þeirri hægri, sperrir sig svo og brosir glaðhlakkalega framan í myndavélina, eins og hann væri hetja, sem hefði verið að vinna stórvirki.

Var hér um fullorðinn og væntanlega þroskaðan mann, sextugan lækni, að ræða, sem ætti að hlúa að lífi, leitast við að vernda það og lækna, ekki bara mannlífi, heldur öllu lífi, einkum lífi þess, sem ekkert hefur sér til saka unnið; er ekki aðeins saklaust og varnarlaust, heldur á sér líka engrar undankomu auðið, en hefur tilfinningar; finnur til, fyllist kvíða og ótta, lætur sér annt um afkvæmi sitt og fjölskyldu, eins og við.

Þessi læknir er ekki einn um það, að hafa fróun og gleði af því, að ofsækja, meiða og limlesta saklaus og varnarlaus dýr, og loks – ef sært dýrið getur ekki forðað sér í bili, til þess eins að deyja skemmri eða lengri kvaladauða – drepa það.

Þessir svokölluðu veiðimenn, sem eru í öllum störfum og stéttum, oft hámenntaðir og háttsettir í þjóðfélaginu, skipta hér mörgum þúsundum. Þörf þessara manna á veiðunum er yfirleitt engin. Þetta virðist snúast um annarlegar innri hvatir; þörfina fyrir að eyðileggja og drepa, án þarfar eða tilgangs.

Hvað er þetta; drápsfýsn, blóðþorsti, drápslosti?

Einna verst er dýraníðið einmitt í garð hreindýra. Í ár mátti drepa fleiri dýr en nokkru sinni fyrr; 1.450 dýr, þar af 1.061 kú. Voru þeir veiðimenn, sem í þetta dráp vildu komast, yfir 3.000.

Hvað býr í hjarta og tilfinningalífi þessara manna? Er siðmenningin og mannúðin ekki komin á hærra stig en svo, að drápslosti ræður för? Er þetta kannske drápssýki, sem líkja má við áfengissýki og tóbakssýki? Kannske er þetta krabbamein sálarinnar.

Hreindýrakálfar fæðast margir um mánaðamótin maí/júní. Þeir eru því ekki nema 8 vikna, þegar byrjað er að drepa mæðurnar frá þeim, með og frá 1. ágúst. Við eðlileg skilyrði þyrfti hreindýrakálfur á móður sinni að halda fram á næsta vor.



**Rannsóknir frá Noregi sýna, að þegar hreindýrakálfar eru 8 vikna, drekka þeir enn móðurmjólk 8 sinnum í hálfa mínútu á dag, 11 vikna 6 sinnum og 16 vikna eru þeir enn að drekka móðurmjólk 5 sinnum á dag. Hvernig má það þá vera, að verið sé að drepa mæður þeirra frá þeim 8 vikna gömlum!?**

Rannsóknir frá Noregi sýna, að þegar hreindýrakálfar eru 8 vikna, drekka þeir enn móðurmjólk 8 sinnum í hálfa mínútu á dag, 11 vikna 6 sinnum og 16 vikna eru þeir enn að drekka móðurmjólk 5 sinnum á dag.

Hvernig má það þá vera, að verið sé að drepa mæður þeirra frá þeim 8 vikna gömlum!? Er þá tilfinningalegt áfall og sorg, streita, ótti, óvissa og kvíði umkomulausra og hrakinna ungviða ótalið.

Auk þess eru hreindýrakálfar mjög háðir mæðrum sínum, þegar snjóa tekur og hjarn leggst yfir land, með það að gera krafsholur, þannig, að dýrin komist í fléttur, gras, lyng og annað æti. Þarf til þess stóra, sterka og beitta hófa, sem ungviðið skortir.

Þetta dráp hreindýrakúa, upphaflega frá 8 vikna kálfum þeirra, er því ómannúðlegt og siðlaust, og í raun þeim, sem þessar veiðar stunda, til smánar og skammar.

Mættu veiðimenn hugsa til þess, að þetta þarflausa og ljóta dráp, fer vitaskuld inn í þeirra karma, og verða menn – fyrr eða síðar – að standa því illa, sem þar er komið, skil. Kann þá kvölin og sorgin, sem þeir ollu saklausum lífverum, að hitta þá sjálfa.



# Forngripur á Alþingi



**Ellert B. Schram**
formaður Félags eldri borgara í Rvík og nágrenni

Ef einhverjir hafa orðið hissa á endurkomu minni inn á Alþingi, þá get ég sagt, að ég sjálfur hafi undrast mest. Það var skemmtileg jólagjöf. Þingsaga mín er að vísu skrykkjótt. Inn og út, allt frá árinu 1971. Þá yngstur, nú elstur. Mér er sagt að ég sé elstur allra sem setið hafa á þingi og sennilega er ég að spanna, lengsta tíma, frá því að ég settist á Alþingi fyrir 47 árum og þar til nú. Sem sagt: forngripur.

Veru minni á Alþingi, í þetta skiptið, er lokið. Ég mætti ekki í fótboltaskónum, til að sparka í einhvern, né heldur í inniskónum, til að slappa af. Ég átti erindi við ríkisstjórnina og fjármálaráðherra, sem ekki var viðstaddur á þriðjudegi, þegar ég fékk tækifæri til að ganga í ræðustól. En hann var við á fimmtudeginum og þá flutti ég að mestu leyti sömu ræðuna, sem beindist að því að fá svar frá fjármálaráðherra um málefni eldri borgara.

Það jákvæða sem fram kom í svari ráðherrans, var undirtekt um að beina þurfi sjónum okkar, að þeim sem eru í veikastri stöðu. Bjarni sagði: „Ég hef ávallt talað fyrir því úr þessum stóli, að eftir því sem styrkur okkar vex, til þess að standa betur á bak við þá sem höllum fæti standa.“

Ræðutími minn var tvær mínútur og aftur ein mínúta í andsvari. Þannig að það var erfitt að fara dýpra í þessa umræðu. Svör Bjarna Benediktssonar, voru með mörgum „efum“ en hann tók undir að „beina þurfi sjónum að þeim sem eru í veikustu stöðu“.

Kannski gat ég ekki búist við afdráttarlausari svörum. Kannski vaknar samt einhver von um að þessi mál aldraðra verði tekin föstum tökum, þegar þau eru rædd af alvöru. Kannski hefur erindi mitt inn á Alþingi, óvænt uppákoma og rödd úr hópi aldraðra, einhver áhrif. Mér þótti vænt um að Bjarni skyldi taka undir „þetta göfuga markmið sem háttvirtur þingmaður lýsir hér“.

Ég gat líka, í þessari heimsókn í þingið, lagt fram tvær fyrirspurnir, er varða eldri borgara, sem mun verða svarað innan fimmtán daga.

Með því að bjóða mig fram í síðustu kosningum og komast inn á þing í nokkra daga er það ábending frá mér að eldri borgarar eigi erindi inn á þingið og það fleiri en einn.

Veru minni á Alþingi er lokið. Að minnsta kosti í þetta skiptið. En ég hafði gaman af þessu, mér var vel tekið og ég fann fyrir kurteisi, ánægju og virðingu meðal annarra þingmanna. Ég hef líka fundið fyrir gleði og þakklæti hjá fólki hér og hvar og samstöðu og stuðningi. Handabönd og bros. Fyrir það vil ég þakka. Nær tvö þúsund manns hafa sent mér „like“. Ég get ekki svarað þeim öllum, en geri það núna. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og komandi árs.

# Nýsköpun og tækniþróun



**Brynhildur Haraldsdóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Mikilvægi nýsköpunar til aukinnar velferðar í samfélögum er löngu orðin viðurkennd staðreynd. Framlag nýsköpunar er ekki eingöngu mælt út frá auknum hagvexti eða samkeppnishæfni heldur einnig sem aukin félagsleg velferð. Hér á landi hafa komið upp öflug fyrirtæki og sprotar sem nýtt hafa sér þann stuðning og þá innviði sem í boði eru hér á landi. Hins vegar er hægt að gera enn betur og það erum við að gera og munum halda áfram að gera.

### Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Nýverið samþykkti Alþingi aukinn stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Annars vegar er um að ræða framlengingu og einföldun skilyrða til skattaívilnunar vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum. En sú aðgerð ætti að auðvelda nýsköpunarfyrirtækjum að auka hlutafé og efla rekstur sinn. Hins vegar er um að ræða umtalsverða hækkun viðmiðunarfjárhæða skattafrádráttar eða endurgreiðslna vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Þessi aðgerð ætti að hvetja enn frekar til fjárfestingar í rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Allar umsagnir sem bárust þinginu við umfjöllun málsins voru jákvæðar og hvatt var eindregið til þess að málið yrði samþykkt. Mikil samstaða var líka um málið í þinginu og var frumvarpið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### Mikilvægi nýsköpunar fyrir íslenskt samfélag

Nýsköpun dagsins í dag framleiðir hagvöxt komandi ára. Á Íslandi þrífst öflugt atvinnulíf og mikilvægt er að svo verði áfram. Það háir okkur þó enn að stoðir atvinnulífsins eru of fáar þó þeim hafi fjölgað. Leggja þarf ríka áherslu á hátækni-, upplýsinga- og upplifunariðnað og aðrar greinar sem ekki ganga á takmarkaðar náttúruauðlindir. Þróun á sviði líftækni er spennandi, sérstaklega í tengslum við hefðbundnar greinar eins og sjávarútveg og landbúnað. Í auðlindaatvinnugreinunum þarf líka að stunda nýsköpun sem felur í sér betri nýtingu á auðlindum og sjálfbærari vöxt. Einmitt þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld standi að baki nýsköpunarfyrirtækjum og búi þeim hagfelld starfsskilyrði og styðji þannig við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

### Tækniframfarir upplýsingaaldarinnar

Mörg af stærstu fyrirtækjum dagsins í dag voru ekki til fyrir 10 árum. Þetta eru fyrirtæki á sviði tækni og stafrænna lausna. Miklar líkur eru á að börnin starfi í framtíðinni við eitthvað sem ekki er til í dag. Hraðar tækninýjungar og breytt viðhorf munu valda miklum þjóðfélagsbreytingum á næstu áratugum. Við þurfum að tileinka okkur þessar breytingar og stjórnvöld þurfa að greiða fyrir þessum breytingum, bæði í atvinnulífinu og menntakerfinu. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna er tilbúin í það verkefni og ég vænti þess að þingheimur allur styðji slíkar framfarir.






## Handboltinn á Íslandi kominn í jóladvala



Breiðhyltingarnir í liði ÍR unnu sannfærandi sex marka sigur á Aftureldingu í lokaleik 13. umferðar Olís-deildar karla í gær. Þetta var síðasti leikurinn í deildinni fyrir jólafrí sem teygir sig inn í febrúar vegna þátttöku Íslands á Heimsmeistaramótinu í handbolta. Mosfellingar áttu engin svör við öflugum leik Björgvins Þórs Hólmgeirssonar í gær en skyttan skoraði þrettán mörk af 31 í sigri Breiðhyltinga í Austurberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Alþjóðlegt mót á Íslandi í maí

**CrossFit Reykjavík heldur alþjóðlegt mót í CrossFit í byrjun maí næstkomandi þar sem sigurverðlaunin er þátttökuréttur á heimsleikunum næsta sumar.**




Sara lenti í 2. sæti í Dúbaí um helgina og á því enn eftir að tryggja sér þátttökurétt næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**CROSSFIT** Á Íslandi fer fram stórt alþjóðlegt mót í CrossFit í byrjun maí sem er hluti af nýju mótafyrirkomulagi CrossFit í aðdraganda heimsleikanna í ágúst næstkomandi. Mótið er hluti af undankeppninni og fá sigurvegararnir í karla- og kvennaflokki þátttökurétt á Heimsleikunum en þetta staðfesti Evert Víglundsson, yfirþjálfari og einn eigenda CrossFit Reykjavík, í samtali við Fréttablaðið á dögunum.

Heimsleikarnir í CrossFit fara fram næsta sumar í þrettánda sinn en undankeppnin er með breyttu fyrirkomulagi í ár. Hér áður var fyrsta stigið að keppa í undankeppni (e. The Open) og þau bestu í karla- og kvennaflokki komust á síðasta stig undankeppninnar (e. Regionals). Það þurftu Íslendingar ýmist að keppa á lokastigi undankeppninnar í Evrópu eða Norður-Ameríku þar sem aðeins fimm manns komust áfram í hvert sinn og fjörutíu manns komust inn á leikana en í ár eru fjölbreyttari möguleikar fyrir hendi sem leysa af Regionals.

Alls fara sextán mót fram í aðdraganda Heimsleikanna og hófst það með móti í Sameinuðu arabísku furstadæmunum um helgina. Sigurvegararnir í karla- og kvennaflokki ásamt sigurliðinu í liðakeppninni öðlast þátttökurétt á heimsleikunum í þessum sextán mótum.

> Sviðsljósið verður á þessum sextán mótum og við erum með þrettánda í röðinni í maí.

Önnur leið inn á heimsleikana sjálfa er að komast inn í gegnum undankeppnina (e. The Open) sem er opin öllum. Efstu einstaklingarnir í undankeppninni frá 164 löndunum sem eru með CrossFit-stöðvar í heiminum í karla- og kvennaflokki fá þátttökurétt ásamt tuttugu stigahæstu í undankeppninni sem hafa ekki tryggt sér þátttökurétt í gegnum eitt af sextán mótunum.

Eitt þessara sextán móta mun fara fram á Íslandi og sjá Evert og Annie Mist frá CrossFit Reykjavík um að skipuleggja mótið sem fer fram 3.-5. maí næstkomandi.

„Sviðsljósið verður á þessum sextán mótum í aðdraganda heimsleikanna og við erum með þrettánda mótið af sextán í byrjun maí. Ef einhver af stærstu nöfnum heimsins í CrossFit verða ekki komin inn á mótið munu þau eflaust fjölmenna hingað til að reyna að tryggja sér þátttökurétt á leikunum.“

Íslenskir þátttakendur hafa átt góðu gengi að fagna í gegnum árin á heimsleikum CrossFit þar sem barist er um titilinn hraustasti karl og kona heimsins. Annie Mist Þórisdóttir og Katrín Tanja Davíðsdóttir hafa báðar tvívegis sigrað á leikunum og í karlaflokki náði Björgvin Karl Guðmundsson besta árangri Íslendings í keppninni þegar hann lauk keppni í þriðja sæti árið 2015.

Sara Sigmundsdóttir og Björgvin Karl komust bæði á verðlaunapall á fyrsta mótinu af sextán í mótaröðinni sem hófst um helgina en náðu þó ekki fyrsta sæti og þurfa því að gera aðra atlögu á næstu fimmtán mótum. kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**ÍR - Afturelding 31-25**

**ÍR:** Björgvin Þór Hólmgeirsson 13, Kristján Orri Jóhannsson 6, Sveinn Andri Sveinsson 3, Sturla Ásgeirsson 3, Arnar Freyr Guðmundsson 2, Pétur Árni Hauksson 2, Úlfur Gunnar Kjartansson 1, Þrándur Gíslason 1.
**Afturelding:** Birkir Benediktsson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 4, Tumi Steinn Rúnarsson 4, Einar Ingi Hrafnsson 4, Júlíus Þórir Stefánsson 2, Finnur Ingi Stefánsson 2, Böðvar Páll Ásgeirsson 1, Elvar Ásgeirsson 1, Sturla Magnúsdóttir 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 20 | Stjarnan | 12 |
| Haukar | 19 | ÍR | 11 |
| Selfoss | 18 | KA | 10 |
| FH | 18 | Akureyri | 8 |
| Afturelding | 15 | Fram | 7 |
| ÍBV | 12 | Grótta | 6 |

**Geysisbikar kvenna**

**Haukar - Grindavík 72-67**

**Keflavík - Fjölnir 121-61**

**Geysisbikar karla**

**Þór Þ. - Njarðvík 76-96**



Real mætir Ajax. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stórleikir í 16 liða úrslitunum

**FÓTBOLTI** Dregið var í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla í hádeginu í gær. Liverpool, silfurlið síðasta tímabils, mætir Bayern München. Evrópumeistarar síðustu þriggja ára, Real Madrid, mæta Ajax.

Manchester United dróst gegn Paris Saint-Germain. Hitt Manchester-liðið, City, var öllu heppnara og dróst gegn Schalke. Tottenham Hotspur mætir síðan Borussia Dortmund.

Þá mætast Barcelona og Lyon, Juventus og Atlético Madrid og Porto og Roma. Lið frá sama landi gátu ekki dregist saman á þessu stigi keppninnar og það sama gilti um lið sem voru saman í riðli í riðlakeppninni.

Fyrri leikir liðanna fara fram annars vegar 12. og 13. febrúar og hins vegar 19. og 20. febrúar. Seinni leikirnir verða svo spilaðir 5. og 6. mars og 12. og 13. mars.

Í Evrópudeildinni voru þrjú Íslendingalið í pottinum þegar dregið var í 32 liða úrslitin í gær og fengu öll þrjú liðin strembin verkefni.

Arnór Ingvi Traustason og félagar í Malmö mæta Chelsea á meðan Guðlaugur Victor Pálsson og félagar í Zürich mæta Napoli. Þá mæta Jón Guðni Fjóluson og hans menn Bayer Leverkusen.

Fara fyrri leikirnir fram þann 14. febrúar næstkomandi áður en liðin mætast á ný viku síðar, þann 21. febrúar. – hó

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER 2018



Jólagjafir sem gleðja munn og maga eru alltaf vinsælar. Einfalt og hagkvæmt er að búa til slíkar gjafir. ➜4

ENZYMEDICA.

Gleðilega meltingu!







„Við leggjum sérstaka áherslu á að taka á móti alls konar hópum," segir Torfi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Rush Iceland. MYND/EYÞÓR

# Allir sveittir og sælir

Trampólíngarðurinn Rush Iceland hefur heldur betur slegið í gegn. Nú er hægt að kaupa jólagjafabréf í fallegri öskju sem er tilvalin í jólapakkann. ➜2






Rush Iceland er í 2.200 fermetra húsnæði í Kópavoginum. Næg bílastæði eru við húsið. MYND/EVA BJÖRK





Tveir skemmtilegir og krefjandi klifurveggir eru í Rush Iceland sem gaman er að spreyta sig á.

Framhald af forsíðu ➪

Trampólíngarðurinn Rush Iceland var opnaður undir lok sumars í Kópavoginum en um er að ræða stærsta innandyra trampólín- og afþreyingargarð á Íslandi. Garðurinn er í 2.200 fm húsi og er hluti af alþjóðlega fyrirtækinu Rush Parks sem rekur fjórtán trampólíngarða um allan heim að sögn Torfa Jóhannssonar framkvæmdastjóra. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar sem kemur okkur ekki endilega á óvart. Það var vöntun á fjölbreyttari afþreyingu hérlendis og er þessi garður góð viðbót við aðra skemmtigarða. Við erum mjög þakklát fyrir hvað allir sem hafa komið eru jákvæðir og koma aftur og aftur, sem gefur okkur aukinn kraft í að gera upplifunina enn þá skemmtilegri.“

## Allir aldurshópar

Rush Iceland býður upp á afþreyingu fyrir alla aldurshópa, allt frá sérstökum krakkatímum þar sem yngstu krakkarnir fá að njóta sín, yfir í að bjóða ömmu og afa velkomin að hoppa undir handleiðslu kennara. „Héðan fara allir sveittir og sælir út. Við leggjum sérstaka áherslu á að taka á móti alls konar hópum, hvort sem það eru afmælishópar, fyrirtækjahópar eða vinahópar. Það eru allir velkomnir að skemmta sér hjá okkur. Afmæli meðal grunnskólanema eru sérstaklega vinsæl hjá okkur og algengt er að sjá hópa frá félagsmiðstöðvum. Ekki má gleyma steggja- og gæsapartíum en slíkir hópar stoppa oft hjá okkur.“

Þegar hópar mæta á staðinn er boðið upp á skipulagt hopp þar sem starfsmaður fer fyrir hópnum og býr til skemmtileg leiki. „Fyrirtækjum finnst þetta mjög skemmtilegt hópefli sem kemur skemmtilegri stemningu af stað innan hópsins. Hóparnir geta svo fengið sér hressingu að hoppi loknu þar sem við bjóðum upp á ljúffengar pitsur, bjór eða gos.“

> „Við erum búin að selja helling af gjafabréfum undanfarna daga, þetta verður klárlega jólagjöfin í ár.

## Gjafabréf í jólapakkann

Nú er hægt að kaupa jólagjafabréf í fallegri öskju sem inniheldur hopp, sérstaka trampólínsokka og slush-drykk. „Inni í jólagjafapakkanum eru auka 30 mínútur af hoppi, þ.e. ef keypt er 60, 90 eða 120 mínútna gjafabréf bætast við 30 mínútur sem glaðningur frá Rush. Þetta er góð afþreying fyrir alla, ekki síst fullorðið fólk, enda frábært tækifæri til að finna barnið í sér, sleppa sér lausum, fá hjartað til að slá og fara endurnært út. Fjölskyldan getur átt skemmtilegan tíma saman og gengið út með frábæra upplifun. Við erum búin að selja helling af gjafabréfum undanfarna daga, þetta er klárlega jólagjöfin í ár.“

## Fjölbreytt afþreying

Rúmgóður salurinn er stútfullur af trampólínum og loftdýnum þar sem gestir láta sig detta í koddaslag eða úr rólum. „Við bjóðum einnig upp á tvo skemmtilega og krefjandi klifurveggi sem eru mjög vinsælir. Svo er hægt að fara í körfubolta „troðslu“ og skotbolta sem bæði hefur verið mjög vinsælt hjá börnunum og ekki síst fullorðnum. Í febrúar kemur upp stór ninja-þrautabraut sem á eftir að slá í gegn og erum við mjög spennt fyrir henni.“

Í Rush Iceland er kaffihús þar sem boðið er upp á ýmsar ljúffengar veitingar. „Foreldrar og aðrir geta notið þess að sitja á kaffihúsinu, fá sér gott kaffi og annað góðgæti á meðan þeir horfa á börnin leika sér.“

Nánari upplýsingar má finna á www.rushiceland.is.




Starfsfólk Rush Iceland tekur vel á móti gestum og þjónustar þá með bros á vör.



Salurinn er fullur af trampólínum og loftdýnum þar sem gestir geta látið sig detta í koddasalag eða úr rólum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


JÓLAGJAFIR ÚTIVISTARFÓLKSINS
Full búð af spennandi vörum fyrir útivistarfólk á öllum aldri
Vatnsheldir hanskar - frábært úrval
Trekmates ferðasessa
Ver bossann fyrir bleytu og kulda
1.590 kr.
Extremities Tuff Bags
12.990 kr.
Trekmates Chamonix Glove
9.990 kr.
Trekmates Lite Dry
5.990 kr.
Göngustafir verð frá 6.995 kr.
Ferrino Lightec Duvet 1200 dúnpoki
42.590 kr.
Ferrino Swift60 Tjalddýna með innb. fótapumpu
13.995 kr.
Ferrino Lightec SM1100
15.990 kr.
Sticky Powerliner Glove
5.590 kr.
VERIGA
Veriga Mount Track broddar
6.990 kr.
AKU
AKU Superalp NBK GTX
39.990 kr.
Legghlífar, svartar/gráar verð frá 7.790 kr.
icebreaker
Icebreaker Merino ullarfatnaður.
Margir litir og snið.
Oasis Crewe herra
11.990 kr.
Everyday Crewe dömu
9.990 kr.
Oasis hálfrennd
13.990 kr.
Tech Crewe barna bleikt, blátt.
6.990 kr.
Everyday Leggings
9.990 kr.
Tech Lite dömu stutterma
8.990 kr.
Ein vinsælasta Merino ull á Íslandi,
núna fáanleg í barna- og unglingastærðum.
Tech Leggings barna bleikt, blátt.
6.990 kr.
patagonia
Micro Puff Jacket
32.990 kr.
Down Sweater Hoody
34.990 kr.
Better Sweater
15.990 kr.
Nano Puff Jacket
27.990 kr.
Patagonia húfa
4.990 kr.
Mikið úrval af Patagonia vörum fyrir dömur og herra.
Nauðsynlegur neyðarbúnaður í íslenskri náttúru!
Fislétt neyðarskýli 2, 4 og 8 manna
verð frá 7.990 kr.
Keen Sandalar og gönguskór Dömu og herra
15.990 kr.
KEEN
Venice kvenna
Stærðir: 35-42
Newport herra
Stærðir: 40-48,5
OSPREY
Hágæða bakpokar frá Osprey
Eitt mesta úrval landsins
GG-sport
BÓNUS
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"
SHERPAX
Merino ullarsokkar
2 fyrir 1
...af SherpaX sokkum, háir og lágir.
3.900 kr.
og þú færð 2 pör!
GSI OUTDOORS
Microlite brúsar halda heitu og köldu
0,5L- 4.990 kr.
0,7L- 5.890 kr.
GG·sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is
Jóla-opnunartími: virka daga 10.00 til 18.00, laugardag og sunnudag 11.00 til 18.00 Föstud. 21. des. 10.00 til 19.00 mánud. 24. des 10.00 til 12.00

# Jólagjafir úr eldhúsinu

Jólagjafir sem gleðja munn og maga eru alltaf vinsælar. Einfalt og hagkvæmt er að búa til slíkar gjafir um leið og þær eru persónulegar.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Hver kannast ekki við að vera í vandræðum með að finna réttu gjöfina fyrir vini og vandamenn og þá ekki síst fyrir þá sem eiga allt? Gjafir úr eldhúsinu eru alltaf skemmtilegar, hvort sem um er að ræða jólakökumix eða heimabakaða jólaköku. Hægt er að útbúa allt milli himins og jarðar og um að gera að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín. Hér eru hugmyndir að nokkrum jólagjöfum úr eldhúsinu.



Jólakakan hennar ömmu er góð til gjafa.

## Jólakakan hennar ömmu

Þessa dásamlegu jólaköku er gott að gera með góðum fyrirvara því hún verður bara betri með tímanum. Hún er einstaklega ljúffeng með kaffinu eða heita súkkulaðinu. Fallegt er að pakka jólakökunni inn í hvítan, þykkan smjörpappír og binda fagra slaufu utan um pakkann. Það er líka smekklegt að smeygja bandi utan um hana og skreyta með berjum eða greni.

**2 bolli döðlur**
**2 bolli rúsínur**
**½ pk. súkkat (má sleppa)**
**2 dl kokteilber**
**2-3 dl sérrí**
**200 g suðusúkkulaði, saxað**
**300 g smjör, við stofuhita**
**300 g sykur**
**5-6 egg**
**300 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**

Saxið döðlur, rúsínur, súkkat og kokteilber í hæfilega litla bita og setjið allt saman í skál. Bleytið í með sérríi og látið standa yfir nótt á svölum stað, helst ísskáp. Bætið sérríi við eftir þörfum.
Hrærið saman smjör og sykur þar til blandan er létt og ljós. Hrærið eitt og eitt egg saman við. Bætið hveiti, lyftidufti og salti varlega saman við með sleikju. Blandið sérrílegnum ávöxtum og söxuðu súkkulaði saman við og hrærið saman. Skiptið deiginu í tvö smurð form og bakið við 160°C í 90 mínútur eða þar til kakan er bökuð í gegn.

## Súkkulaði með hnetum og salti

Auðvitað er hægt að kaupa súkkulaði úti í búð en það er líka gaman að búa til sína eigin ljúffengu mola og gefa í jólagjöf. Það er ekki flókið að búa til súkkulaðimola með alls konar góðgæti en mikilvægt er að gefa sér tíma til þess. Súkkulaði og hnetur passa vel saman og súkkulaði með salti eða chili er líka ómótstæðilegt. Slíka mola má setja í fallegt box, pakka inni í sellófan eða setja í krukku og binda slaufu á hana.

**250 g dökkt súkkulaði**
**150 g hnetur að eigin vali, t.d. heslihnetur**
**½ tsk. saltflögur**
**1 msk. rifinn appelsínubörkur, límónubörkur eða trönuber, ef vill**

Bræðið súkkulaðið við vægan hita yfir vatnsbaði. Saxið hneturnar gróflega. Hellið súkkulaðinu í hæfilega stórt mót, klætt með bökunarpappír. Stærð formsins fer eftir því hve þykkir súkkulaðibitarnir eiga að vera. Blandið hnetunum varlega saman við og stráið saltinu yfir. Geymið á köldum stað í um klukkutíma. Brjótið í bita þegar súkkulaðið er harðnað og setjið í fallegt box.



Heimatilbúnir súkkulaðibitar eru góðir með kaffinu.



Jólasmákökumix kemur vel út í krukku, sérstaklega þegar því er blandað saman eftir litum.



Jólakakó með sykurpúðum. Gjöf sem gleður unga sem aldna.

## Hafrasmákökur með súkkulaðibitum

Heimatilbúið smákökumix er skemmtileg gjöf sem gaman er að gefa. Þurrefnum er þá blandað saman, lag fyrir lag í hæfilega stóra krukku. Flott er að raða þurrefnum saman eftir lit. Uppskriftin er skrifuð á blað eða prentuð út og látin fylgja með, ásamt upplýsingum um hverju þarf að bæta við, svo sem eggi og smjöri. Aðeins þarf að setja fallegan borða utan um krukkuna og binda smekklega slaufu og gjöfin er tilbúin.

**3,75 dl hveiti**
**3,75 dl haframjöl**
**½ tsk. matarsódi**
**¼ tsk. salt**
**1 dl súkkulaðidropar eða saxað suðusúkkulaði**
**1,25 dl smjör**
**3 dl ljós púðursykur**
**0,6 dl matarolía**
**1 tsk. vanilludropar**
**1 egg**

Hrærið saman smjöri, púðursykri, matarolíu og vanilludropum þar til blandan er létt og ljós. Bætið egginu saman við og hrærið áfram þar til allt hefur samlagast vel. Blandið hveiti, haframjöli, matarsóda, salti og súkkulaði saman í skál. Blandið því næst öllu saman. Notið teskeið til að móta litlar kúlur og setjið á smjörpappírsklædda ofnplötu. Bakið í 12 mín. við 180°C.

## Einfalda gjöfin

Skemmtileg og einföld gjöf sem krakkar hafa gaman af að gera. Hálf krukka af kakódufti. Fyllt upp með sykurpúðum.



VERTU REYKLAUS
Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL

NÝ VEFSÍÐA
WWW.NICOTINELL.IS

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Valinn maður er í hverju rúmi meðal starfsfólks Eins og fætur toga og þar starfa færustu sérfræðingar landsins í göngugreiningum. MYNDIR/ SIGTRYGGUR ARI

# Eins og fætur toga – líka fyrir golfarann

Jólagjafir sem tróna efst á óskalista golfara og hlaupara fást í verslun Eins og fætur toga sem er leiðandi fyrirtæki í göngu- og hlaupagreiningum. Mikill vöxtur er í greiningum hjá EOFT og æ fjölbreyttari hópur nýtir sér aðstöðuna.

Við búum yfir fullkomnasta göngugreiningarbúnaði sem völ er á og tókum nýlega í notkun nýjar V9 þrívíddar-tölvuþrýstiplötur frá belgíska hátæknifyrirtækinu RsScan sem styðja prentun á Phits þrívíddar-innleggjum sem fengu fyrstu verðlaun á stærstu íþróttasýningu heims. Við höfum nú þegar tekið tvær tölvuþrýstiplötur í notkun og strax á nýárinu bætast við aðrar tvær,“ upplýsir Lýður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Eins og fætur toga (EOFT).

EOFT hefur í samstarfi við þýskt stoðtækjafyrirtæki þróað höggdempandi íþróttainnlegg fyrir börn og fullorðna.

„Nýju innleggin eru bæði mýkri og þægilegri en eldri gerðir,“ útskýrir Lýður sem hjá EOFT starfar við hlið þriggja sérfræðinga í Footbalance. „Footbalance-innleggin eru hituð og löguð að fætinum og gefa okkur möguleika á að útbúa fyrirferðarminni innlegg en áður. Með þessum þremur nýju gerðum af innleggjum getum við því komið frábærum innleggjum í sem flestar gerðir af skóm.“

## Einstakt tilboð fyrir golfara

Eins og fætur toga býður upp á einstaka þjónustu fyrir golfara og golfvörur á heimsmælikvarða.

„Gunnlaugur Elsuson, PGA-golfkennari og sérfræðingur í göngugreiningum, tekur golfara í göngugreiningu hjá EOFT. Hann skoðar skekkjur í hælum og ökklum, álag upp í leggi, hné, mjaðmir og bak, og ráðleggur með innlegg, golfskó og sokka fyrir golfara,“ upplýsir Lýður.

Fyrir jólin bjóðast golfurum sérstök hátíðatilboð hjá EOFT.

„Við erum með spennandi golfarapakka á tilboði nú fyrir jólin. Í honum er göngugreining hjá Gulla PGA-golfkennara, sérsmíðuð íþróttainnlegg í golfskóna ef með þarf, FJ PRO-SL-golfskór (án takka) eða FJ Tour-golfskór (með tökkum), og FJ Techsof-golfsokkar á 39.990 krónur með innleggjum, en án innleggja er hann á 29.990 krónur,“ útskýrir Lýður en þess má geta að fullt verð með FJ Tour-skóm er vanalega 59.260 krónur. Gjafabréf á tilboði til golfara gildir í eitt ár.

## Vinsælustu golfskór heims

Skósérfræðingar Eins og fætur toga selja aðeins það besta; þar á meðal golfskó frá FootJoy (FJ).

„FootJoy hefur undanfarin 60 ár verið langsöluhæsta skómerkið í golfheiminum og í þá sex áratugi hefur FootJoy átt mest notuðu golfskóna á PGA-mótaröðinni, en fleiri atvinnuspilarar nota FJ en allar aðrar skógerðir samanlagt,“ upplýsir Lýður.

Aðalsmerki FootJoy er þægindi, gæði og hefð sem nær aftur til ársins 1857.

„FootJoy er leiðandi merki í golfskóm, golfhönskum og golfsokkum í heiminum. Vörur FootJoy hjálpa við að ná fram því besta í golfleiknum og er merki þeirra sem elska golf; ungra, gamalla, fyrir dömur og herra, byrjendur jafnt sem fremstu kylfinga í heimi. Allir geta treyst á FootJoy,“ segir Lýður.

## Fullkominn tæknibúnaður

Mikill vöxtur er í göngugreiningum hjá EOFT og segir Lýður það skýrast af mörgum samverkandi þáttum.

„Við búum yfir fullkomnasta göngugreiningarbúnaði sem völ er á og eigum í samstarfi við íþróttahreyfinguna og sérfræðinga í heilbrigðisstétt. Þá störfum við á nýju og fullbúnu verkstæði, smíðum nýjar gerðir af tæknilegum, höggdempandi innleggjum og bjóðum frábærar vörur í verslun okkar. Verðið er alltaf samkeppnishæft og er viðskiptavinum tekið af natni og alúð. Allt hefur þetta aukið gæði þjónustunnar og gefið okkur möguleika á fjölbreyttum lausnum þegar kemur að stoðkerfisvandamálum,“ segir Lýður.




Gunnlaugur Elsuson, PGA-golfkennari og sérfræðingur í göngugreiningum, tekur vel á móti golfurum og ráðleggur þeim um innlegg, skó og sokka. Hér stendur hann við sýnishorn af vinsælustu golfskóm heims, frá FootJoy, en þeir fást í úrvali og á sérstöku jólatilboði hjá Eins og fætur toga.

### Hjá EOFT starfa helstu sérfræðingar landsins í göngugreiningum; þeir hafa ólíkan bakgrunn sem skilar öflugum og samhentum hópi sérfræðinga:

**Lýður B. Skarphéðinsson:** Yfir 50.000 Íslendingar í göngugreiningu hjá Stoðtækni, Össur, Flexor og EOFT. Lýður er einn helsti skósérfræðingur landsins og mikill áhugamaður um fótbolta og golf.
**Elva Björk Sveinsdóttir:** Íþróttafræðingur, Footbalance-sérfræðingur og snillingur í innleggjagerð. Hún er formaður þríþrautarfélagsins 3SH og keppir í þríþraut.
**Alexander Harrason:** Footbalance-sérfræðingur og algjör skónörd. Veit allt um sokka, spelkur, Recovery og Compression. Mikill bjóráhugamaður og hefur unnið keppnir í bjórbruggun.
**Gunnlaugur Elsuson:** Íþróttafræðingur, PGA-golfkennari og körfuboltanörd. Kom sterkur inn í greiningarnar í haust, þaulvanur að horfa á hreyfingar fólks í gegnum golfkennsluna.
**Ásmundur Jónsson:** Íþróttafræðingur, íþróttamaður og löggiltur nuddari. Hefur nuddað landsliðsmenn í mörgum íþróttagreinum. Kom sterkur inn í greiningarnar fyrir ári.

**Eins og fætur toga er í Bæjarlind 4, Kópavogi og í Orkuhúsinu á Suðurlandsbraut 34. Sími 557 7100.**
**Komdu við eða skoðaðu úrvalið á gongugreining.is**

### Fyrir hvaða golfara hentar göngugreining og sérsmíðuð íþróttainnlegg?

**Fyrir slæsara og húkkara:** Mislengd ganglima hefur áhrif á boltaflugið.
**Fyrir slæma í baki:** Mislengd ganglima og skekkjur í fótum hafa áhrif á verki í baki.
**Fyrir slæm hné:** Skekkjur í hælum og ökklum hafa áhrif á verki í hnjám. Ef einstaklingur er hjólbeinóttur eða kiðfættur hefur það líka áhrif á hnén.
**Fyrir auma fætur:** Tábergssig, ilsig, iljarfellsbólga, hælspori og Mortons-taugaverkir í rist og fram í tær eru allt einkenni í fótum sem innlegg geta hjálpað við að laga.

# Eitthvað handa öllum í jólapakkann í Pennanum

Penninn Eymundsson í Smáralind er í jólaham þessa dagana enda hefur verslunin stækkað mikið síðustu tvö árin og vöruúrval aukist til muna. Eygló Birgisdóttir er verslunarstjóri.

Verslun Pennans Eymundsson í Smáralind er nú staðsett austan megin í húsinu á neðri hæð, steinsnar frá innganginum. Þar er boðið upp á gott úrval íslenskra og erlendra bóka, barnabóka og gjafavöru. Þá er ferðatöskuúrvalið einstakt.

„Við fluttum búðina í fyrra og vorum að klára að stækka hana núna í ár,“ segir Eygló sem hefur haft í nógu að snúast við flutninga og endurskipulagningu. „Það hefur aðeins borið á því að fólk eigi erfitt með að finna okkur þar sem búðin hafði verið á sama stað frá því að Smáralindin var opnuð. En við erum enn á neðri hæðinni í Smáralind, bara hinum megin í húsinu.“

Eygló er mjög sátt við árangurinn af flutningnum. „Búðin hefur stækkað mikið sem gefur okkur tækifæri til að auka vöruúrvalið heilmikið. Við erum með afskaplega góðar bókadeildir eins og áður en höfum bætt mikið við í gjafavörunni. Þá erum við með stóra ferðatöskudeild og mikið úrval af öllu.“

Í bókadeildinni má ekki bara finna nýjustu íslensku bækurnar. „Bókadeildin hefur stækkað og úrvalið aukist, við erum til dæmis með mikið úrval af eldri bókum. Þá erum við einnig með mikið af erlendum bókum.“ Hún segir barnabókadeildina einnig hafa stækkað við breytingarnar. „Þar erum við með fjölmarga titla af barnabókum fyrir allan aldur og einnig leikföng í miklu úrvali að ógleymdum spilum og púslum fyrir alla aldurshópa svo fjölskyldan geti átt gæðastundir við leik og púsl yfir hátíðarnar. Í barnadeildinni er einnig aðstaða til að setjast niður og fletta bókum saman svo við bjóðum fjölskyldur sérstaklega velkomnar til okkar á aðventunni.“

Ferðatöskudeildin í versluninni býður upp á eitt mesta úrval landsins af vönduðum ferðatöskum af öllum stærðum og gerðum. „Meðal þekktra merkja sem við bjóðum eru Delsey, Travelite, Gabol og IT Luggage. Við finnum að ferðatöskur eru vinsæl jólagjöf enda mikilvægt að vera vel búinn á ferðalögum.“

Eygló nefnir enn fremur gjafavörudeildina þegar kemur að jólagjafahugmyndum öðrum en bókum. „Við erum með mikið af einstaklega fallegri Vitra gjafavöru og ýmislegt annað sem hentar til dæmis í leynivinaleikina sem nú eru í gangi á mörgum vinnustöðum. Þá eru jólasveinar alltaf velkomnir og við aðstoðum þá við að finna eitthvað í skóinn.“

Hún segir alltaf gaman að vinna í bókabúð á þessum árstíma. „Það er er stemming í búðinni rétt fyrir jól, mikið fjör og starfsfólkinu finnst svo gaman að fá að aðstoða fólk við að finna réttu bókina og réttu gjöfina. Hér er hægt að finna eitthvað fyrir alla og svo má ekki gleyma því að við erum líka með ritfangadeild hérna svo það er allt í pakkann og utan um hann líka.“



Eygló Birgisdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson í Smáralind, segir þennan árstíma vera í uppáhaldi í búðinni enda fátt skemmtilegra en að aðstoða fólk að finna réttu gjöfina. MYND/ EYÞÓR



Ferðatöskudeildin í Pennanum Eymundsson í Smáralind er stór og þar er hægt að fá allar stærðir í mörgum litum.



Í bókadeildinni má bæði finna innlendar og erlendar bækur, gjafabækur, barnabækur og handbækur.




Vitra gjafavörurnar hafa sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum og úrvalið af þeim er fjölbreytt í versluninni.



Gæðamerki og eftirsótt hönnun fæst í Pennanum Eymundsson Smáralind.




Hér fá múminaðdáendur eitthvað fyrir sinn snúð en í versluninni er meðal annars að finna einstaklega fallega gjafavöru sem fer vel í jólapakkann.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BETRIBILAKAUP.IS
- Betri verð - Örugg og góð þjónusta -



Volvo XC60 T8 Inscription T8 AWD Plug in Hybrid. Árg: 2018, ek: 37.000 km, rafmagn/bensín, sjálfskiptur. Evrópu bíll, hlaðinn búnaði! 22" Felgur og design útlitspakki. Ekki margir svona hrikalega flottir! Loftpúðafjöðrun, Bowers & Wilkins, dráttarkrókur, 360° myndavélakerfi, Nappa leður, Head up display, BLIS og margt fleira. Verð: 8.990.000 kr.

**Betri bílakaup ehf.**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 511 2777**
**Netfang: sala@betribilakaup.is**
**www.betribilakaup.is**

BETRIBILASALAN.IS
- FRÍ skráning - Vantar bíla á skrá -



MMC Outlander Artic PHEV. Árg. 2017, ek: 10.000 km, rafmagn/bensín, sjálfskiptur. Aftakanlegur dráttarkrókur, 360° myndavélakerfi, tvær hleðslusnúrur, sumar og vetrardekk! Svakalega gott verð fyrir lítið ekinn Outlander PHEV. Verð 3.990.000 kr. Rnr.150297.

**Betri bílasalan**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 571 7166**
**Netfang: sala@betribilasalan.is**
**www.betribilasalan.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

**LED leiðiskrossar**



• Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.
**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklingsíbúð. Reyklaus og tryggar greiðslur. Uppl. í síma 690 9018 eða á andresasmundsson@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

### Bílskúr

**BÍLASTÆÐI TIL LEIGU !**
Til leigu bílastæði í upphituðu bílastæðahúsi á sv. 105 Uppl. í s. 893 3475

## Atvinna

### Atvinna í boði

**LEIKSKÓLAKENNARI**
Krílasel ungbarnaleikskóli óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% starf sem getur hafið störf 1. febrúar 2019.
**Umsóknir sendist á krilasel@simnet.is**

### Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

**Jólagjafirnar fást í Bílaborg**



**TOYOTA Yaris Hybrid Active,** Nýr bíll, sjálfsk, sumar og vetrardekk, **Verð 2.690 Þús.** Rnr.111623.



**VW Golf 1.6 Diesel,** Nýr bíll, 5 gírar. **Verð 2.990 þús** Eigum líka sjálfsk. bíla Rnr.110826 / 110875



**TOYOTA LC 150,** Nýr bíll, dísel, sjálfsk. **Verð 8.790 þús.** Rnr.111622.



**SKODA Octavia Style 4x4.** Nýr bíll, dísel 2.0L, sjálfsk. **Verð 4.490 þús.** Rnr.111662



**VOLVO XC60 T8 Inscription,** Árgerð 2019, Nýr bíll og vel útbúinn, **Verð 8.990 þús.** Rnr.111645.



**MMC Outlander Invite+ PHEV,** Árgerð 2019, 2,4 vél og stærra batteríið, Nýr bíll, sjálfskiptur. **Verð 4.590 þús. Til afgreiðslu strax -** Rnr.123272.

**BÍLABORG**
Stórhöfði 26 við Gullinbrú
Sími: 517 1111
www.bilaborg.is
**NÝIR OG NOTAÐIR BÍLAR**

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**

**Þú finnur draumastarfið á job.is**



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**
job.is

## Fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

# Hringbraut 2a,
## 220 Hafnarfjörður

**Mjög góð eign miðsvæðis í bænum, fallegt útsýni.**



Björt og falleg fjögurra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þessu vinsæla fjölbýli misvæðis í Hafnarfirði, glæsilegt útsýni, tvennar svalir. Íbúðin er skráð 106,2 fm en þar af er mjög góð geymsla í snyrtilegri sameign 9,7 fm, vel staðsett sér stæði í upphitaðri bílageymslu innangengt.

**Allar frekari uppls veitir Hilmar Þór Bryde löggiltur fasteigna-sali í síma 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Hilmar Þór Bryde Löggiltur fasteignasali.**

# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ




- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

## Tilkynningar

## Rauði krossinn leitar eftir sjálfboðaliðum í fjölbreytt verkefni

Rauði krossinn á Íslandi leitar að einstaklingum til að sinna fjölbreyttum sjálfboðastörfum á sviði mannúðarmála um land allt.

Við leitum eftir ábyrgum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn í verkefni á borð við Konukot, neyðarvarnir, félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, Hjálparsímann 1717, opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk, námsaðstoð fyrir börn, félagsvini eftir afplánun, ungmennastarf, fatabúðir, prjónahópa o.fl. Aðrar hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- **Vilji til að vinna samkvæmt grundvallarhugsjónum Rauða krossins**
- **Fjölbreytt lífsreynsla og þekking sem nýtist í starfi**
- **Brennandi áhugi á mannúðarmálum**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Vilji til að auka hæfni, reynslu og efla tengslanet**
- **Sjálfstæði og frumkvæði**

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað má finna á www.raudikrossinn.is/taktu-thatt/

Tekið er á móti umsóknum allt árið um kring og öllum umsækjendum er svarað.

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

**AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum**

## AKU SUPERALP GTX
**39.990 kr.**
STÆRÐIR 35-48




# Hafðu AKU með í valinu

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.




Borgarskór / kvenna
**AKU Riva High GTX**
**26.990 kr.**

Borgarskór / Herra
**AKU Ledro FG MID GTX**
**26.990 kr.**

Léttir borgarskór / Herra
**AKU Bellamont II Mid Plus**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór, borgarskór / Kvenna
**AKU Bellamont Gaia GTX**
**23.990 kr.**

Lágir, millistífir gönguskór
**AKU TENGU LOW GTX**
**27.990 kr.**



Lágir gönguskór / borgarskór / herra
**AKU Climatica NBK GTX**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / kvenna
**AKU Climatica Suede GTX**
**24.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / kvenna
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / herra
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

Léttir gönguskór herra / kvenna
**AKU TRIBUTE GTX**
**24.990 kr.**

# SANDALAR OG GÖNGUSKÓR



### KEEN Venice kvenna
Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áreiðanlegir.
*Stærðir: 35-42*
15.990 kr.

**ALLAN DAGINN**
**ALLA DAGA**
**ALLTAF**



### KEEN Newport herra
Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.
*Stærðir: 40-48,5*
15.990 kr.



KEEN Oakridge kvenna
lágir og fjölhæfir gönguskór
19.990 kr.

KEEN Oakridge herra
lágir og fjölhæfir gönguskór
19.990 kr.

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

KEEN Venice II kvenna
stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
14.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.

Frábærir KEEN barna sandalar
7.690 kr.

Jóla-opnunartími:
virka daga 10.00 til 18.00,
laugardag og sunnudag 11.00 til 18.00
Föstud. 21. des. 10.00 til 19.00
mánud. 24. des 10.00 til 12.00

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

# GG·sport




„Finndu okkur á Facebook"



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðni Ingimundarson**

heiðursborgari Garðs, (Guðni á trukknum) frá Garðstöðum í Garði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 16. desember sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurjóna Guðnadóttir** **Ásgeir M. Hjálmarsson**
**Ingimundur Þórmar Guðnason** **Drífa Björnsdóttir**
**Árni Guðnason** **Hólmfríður I. Magnúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Okkar elskulegi

**Eyþór Þorláksson**

gítarleikari, Fögruhlíð 1, Hafnarfirði,

lést á öldrunarlækningadeild K1 á Landakotsspítala, föstudaginn 14. desember.

**María Teresa Belles**
**Sveinn Eyþórsson** **Kristín Björg Ólafsdóttir**
**Atli Eyþórsson** **Ragnhildur Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær unnusti minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Kristjánsson**

skipstjóri,

lést í faðmi fjölskyldu og ástvina á heimili sínu fimmtudaginn 13. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 20. desember klukkan 13.

**Marianne Johannsson**
**Aðalbjörg Pálsdóttir** **Steindór Jón Pétursson**
**Björn Pálsson** **Berglind Lúðvíksdóttir**
**Anna Lilja Pálsdóttir** **Bjarki Jónsson**
**afa- og langafabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

ÞETTA GERÐIST: 18. DESEMBER 1982

## Með allt á hreinu var frumsýnd



Kvikmyndin Með allt á hreinu eftir Stuðmenn í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar var frumsýnd þennan mánaðardag árið 1982. Hún sló í gegn.

Með allt á hreinu er tónlistar- og grínmynd sem fjallar um tvær hljómsveitir, Stuðmenn og Gærurnar (Grýlurnar). Ástir og afbrýði meðlima hljómsveitanna koma við sögu og spaugileg atriði í ferðalagi þeirra um Ísland til tónleikahalds og skyggnilýsinga á svíðum félagsheimila.

Handritið er eftir Ágúst Guðmundsson, Eggert Þorleifsson og Stuðmenn og tónlistin eftir Stuðmenn, Grýlurnar og Sigurð Bjólu Garðarsson. Með aðalhlutverkin fara Eggert Þorleifsson, Ragnhildur Gísladóttir, Valgeir Guðjónsson, Tómas M. Tómasson, Egill Ólafsson og Jakob Frímann Magnússon.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Þorbjörg Ósk Björgvinsdóttir**

lést föstudaginn 14. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar fer fram í Kotstrandarkirkju föstudaginn 21. desember kl. 14.00.

**Sigursteinn Guðmundsson**
**Steinunn Ósk Sigursteinsdóttir** **Sigurjón H. Andrésson**
**Guðmundur Árni Sigursteinsson**
**systkini og barnabörn.**



✝

Ástkæra, yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sunneva Jónsdóttir**

Melalind 12,

lést að heimili sínu í Kópavogi laugardaginn 15.12.2018.

**Sigþór Guðmundsson** **Lilja Hafsteinsdóttir**
**Hannes Freyr Guðmundsson** **Hanna Sigr. Jósafatsdóttir**
**Sigurborg Guðmundsdóttir**
**Lárus Þór Guðmundsson** **Ásgerður Baldursdóttur**
**Elín B. Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra

**Guðlaug Ingibjörg Sveinsdóttir**

ljósmóðir frá Egilsstöðum,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 7. desember. Útförin fer fram í dag, þriðjudaginn 18. desember, kl. 15 frá Grafarvogskirkju.

**Bergþóra Helgadóttir** **Ómar Örn Jósepsson**
**Sveinn Helgason** **Þóra Karlsdóttir**
**Steinunn Björg Helgadóttir** **Þór Vigfússon**
**Jóhann Þorsteinsson** **Þórunn Bergsdóttir**
**Bergljót Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Sæmundsdóttir**

Mánabraut 11, Þorlákshöfn,

lést fimmtudaginn 13. desember. Útför hennar fer fram frá Þorlákskirkju fimmtudaginn 20. desember klukkan 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigurður Sigurþórsson**
**Úlfar Gíslason** **Gerður Stefánsdóttir**
**Marta Sonja Gísladóttir** **Brynjar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku mamma okkar,

**Hulda Ólafsdóttir**

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 11. desember sl.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 21. desember klukkan 13.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Klúbbinn Geysi. Reiknnr.: 0101-26-010009, kt. 501097-2259.

**Ragnheiður Hall**
**Steinunn Hall**



✝

Ástkær móðir mín,

**Ingibjörg Einarsdóttir**

áður til heimilis að Hraunhólum 6, Garðabæ,

lést 8. desember síðastliðinn á Dvalarheimilinu Ási. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 19. desember klukkan 15.

**Sigurlinni Sigurlinnason**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jóhannes Ágústsson**

Holtsgötu 41, Reykjavík,

lést laugardaginn 15. desember á hjartadeild Landspítalans. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Benjamín Jóhannesson**
**Júlíus Ágúst Jóhannesson** **Elísabet Guðjónsdóttir**
**og afastrákarnir.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Ingimarsdóttir**

Hrafnistu í Hafnarfirði, áður að Krummahólum 35,

lést laugardaginn 8. desember. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju 20. desember kl. 11.

**Elísabet Kristinsdóttir**
**Ingimar H. Kristinsson**
**Gunnar Ásgeir Kristinsson**
**Sólveig R. Kristinsdóttir** **Gestur Hjaltason**
**Sverrir Kristinn Kristinsson** **Sigurborg Eyjólfsdóttir**
**Þorbjörg Elín Kristinsdóttir** **Pétur Helgason**
**og fjölskyldur.**

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**PHILIPS**

**PHS-65PUS7303**
Glæsilegt UHD snjallsjónvarp með Ambilight 3 baklýsingu, Android stýrikerfi og P5 Perfect Picture myndvinnslu ásamt DTS HD Premium hljóðkerfi.

ambilight 3

**JÓLATILBOÐ**
**159.995**
FULLT VERÐ 179.995




**UNI-LED65X18**
**Einfalt og gott LED sjónvarp á frábæru verði.**

**VERÐ**
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS Senseo**

Senseo Switch kaffivél




Þrír pokar af ilmandi Gevalia kaffi og þrír pakkar af Senseo kaffipúðum fylgja með.

**JÓLATILBOÐ**
**19.995**
VERÐ ÁÐUR 22.995

**JBL by HARMAN**



**JBL-T450BT**
Fislétt en öflug þráðlaus Bluetooth heyrnartól með Innbyggðum hljóðnema.

**VERÐ**
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**MEDISANA**

**MED-88554**
Snúanlegur snyrtispegill með LED ljósi. Gengur fyrir rafhlöðum.



**VERÐ**
**3.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Ariete**

**ARI-2952**
Retro poppvél með heitum blæstri.
Popp á 2 mínútum.



**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**MEDISANA**



**MED-88940**
Nuddtæki fyrir axlir, háls og læri. 5 taktar og 10 styrkleikar.

**JÓLATILBOÐ**
**9.995**
VERÐ ÁÐUR 12.995

**PHILIPS**



**PHS-MG3710**
Multigroomer fyrir skegg, nef og eyru.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**DēLonghi**

**DEL-ESAM4000**
Magnifica Espresso kaffivél með gufu til að flóa mjólk.



**VERÐ**
**54.995**
FRÁBÆRT VERÐ




*Opið alla daga til jóla*

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Áfram austlæg átt, 5-13 í dag en 15-20 um tíma seinnipartinn austanlands. Skúrir um sunnanvert landið og rigning austan til fram á kvöld, en annars þurrt. Hiti 1 til 9 stig, hlýjast á Suðurlandi.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 3° | 1° |
| ↙3 | ↑2 | ↖3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 6° | 0° |
| ↓4 | ←8 | →2 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 4° | 0° |
| ←2 | ↖1 | ↖2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 4° | -3° |
| ↓4 | ↗2 | ↗4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. týndist
5. kostur
6. slá
8. þolanlega
10. tveir eins
11. flýtir
12. fyrst fædd
13. hófdýr
15. rannsókn
17. mildun

**LÓÐRÉTT**
1. jökulsorfin klöpp
2. kraumaði
3. mjög
4. högni
7. talinn
9. kosinn
12. fjallsnöf
14. sauðaþari
16. tveir eins




**LÁRÉTT:** 1. hvarf, 5. val, 6. rá, 8. allvel, 10. ll, 11. así, 12. elst, 13. asni, 15. könnun, 17. línun.
**LÓÐRÉTT:** 1. hvalbak, 2. vall, 3. all, 4. fress, 7. álitinn, 9. valinn, 12. enni, 14. söl, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Loftur Baldvinsson (1.845) átti leik gegn Stefáni Bergssyni (2099) á Friðriksmóti Landsbankans – Íslandsmótsins í hraðskák á laugardaginn.

Svartur á leik



**1...Dxg2+! 2. Rxg2 Hd1+ 3. Re1 Hxe1# 0-1.**
Jóhann Hjartarson sigraði á Friðriksmótinu. Ingvar Þór Jóhannesson varð annar og Helgi Áss Grétarsson og Guðmundur Kjartansson í 3.-4. sæti.

**www.skak.is:** Myndskreytt frásögn frá Friðriksmótinu.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Skapaðu
gleðileg jól
25%
af öllum
jólavörum
25-
50%
af völdum
vörum
FRÍ
HEIMSENDING
ef verslað er fyrir
2.000 krónur eða meira
panduro®
draumaverslun föndrarans
Smáralind
Tilboðin gilda til 25. desember eða á meðan birgðir endast.

# ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT!



30% AFSLÁTTUR

**ALLIR 3D LED lampar**
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 10.499.-
Verð áður frá: 14.999.-



**VITRA Elephant (S)**
TILBOÐSVERÐ: 10.823.-
Verð áður: 13.420.-



**VITRA Hang-It-All**
TILBOÐSVERÐ: 29.760.-
Verð áður: 36.900.-



**VITRA Coat Dots**
TILBOÐSVERÐ: 7.984.-
Verð áður: 9.900.-



30% AFSLÁTTUR

**Cubebot**
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.049.-
Verð áður frá: 1.499.-



**VITRA Toolbox**
TILBOÐSVERÐ: 3.829.-
Verð áður: 4.748.-



30% AFSLÁTTUR

**Octagon LED lampi**
TILBOÐSVERÐ: 11.899.-
Verð áður: 16.999.-




**The Travel Atlas**
TILBOÐSVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 9.999.-



**VITRA Wooden Doll**
TILBOÐSVERÐ: 9.900.-
Verð áður: 12.900.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



Framúrskarandi fyrirtæki




**Skúli fógeti**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999.-




**Grasnytjar á Íslandi**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




**Listamannalaun**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999.-




**Krossfiskar**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.999.-




**Þjóðhöfðingjar Íslands**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999.-



vitra.

**VITRA Rotary Tray**
**TILBOÐSVERÐ: 4.990.-**
Verð áður: 6.364.-



vitra.

**VITRA High Tray**
**TILBOÐSVERÐ: 4.995.-**
Verð áður: 6.360.-



**40% AFSLÁTTUR**

**Skartgripatré**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 5.999.-



**30% AFSLÁTTUR**

**LED lampi "R"**
**TILBOÐSVERÐ: 8.699.-**
Verð áður: 12.999.-




**The Little Swedish Kitchen**
**TILBOÐSVERÐ: 4.319.-**
Verð áður: 5.399.-




**Heroes**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-



vitra.

**VITRA House Bird**
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 16.049.-**
Verð áður frá: 19.900.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 19. desember eða meðan birgðir endast. Gildistími VITRA-tilboða er til og með 24. desmber. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Hlíðarendakirkja var pökkuð þegar rangæskt tónlistarfólk kom þar fram í mars, nú verður það á Breiðabólstað og kirkjan þar mun óma af tónlist.

## Kalla inn jólin með ýmsum perlum tónbókmenntanna

Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð mun óma af tónlist í kvöld þegar Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari, Sigríður Aðalsteinsdóttir altsöngkona og Guðjón Halldór Óskarsson organisti láta nokkrar perlur tónbókmenntanna kalla inn jólin. Með þeim taka kirkjukórar Breiðabólstaðarprestakalls þátt.

Rut er um það bil að hendast á æfingu í kirkjunni þegar ég hringi. Hún segir þetta í fyrsta sinn sem hún taki þátt í jólatónleikum í Hlíðinni fögru. „Sveitungarnir báðu mig að vera með og mér hefur þótt það mjög gaman. Við völdum saman falleg verk svo sem Adagio eftir T. Albinon, Slá þú hjartans hörpustrengi eftir Bach, fiðlusónötu eftir Vivaldi og dásamlega aríu úr Jólaóratóríunni eftir Bach með altsöngkonu og fiðlu, svo dæmi séu tekin. Sigríður Aðalsteinsdóttir er skólastjóri í Tónlistarskóla Rangæinga og frábær altsöngkona. Hún syngur líka Helga nótt og þar tekur kórinn undir og ég spila röddina með, þannig er það líka í Nóttin var sú ágæt ein eftir Sigvalda Kaldalóns sem allir syngja saman.“

Spurð hvort Breiðabólstaðarkirkja sé gott tónlistarhús svarar

**MYRKRIÐ ER MIKIÐ HÉR Í SVEITINNI Í SKAMMDEGINU. VIÐ REYNUM BARA AÐ LÝSA ÞAÐ UPP.**

Rut: „Hlíðarendakirkja er betri sem slík, þar hljómar betur. Þess vegna völdum við hana fyrir Bachtónleikana sem við héldum í mars. En það fer betur um bæði kórfólk og áheyrendur í Breiðabólstaðarkirkju enda er hún stærri,“ segir Rut og upplýsir að tuttugu og fimm manns séu í kórunum.

Hún segir þau hjónin dvelja um hálft árið í Fljótshlíðinni og góð tengsl hafa skapast milli þeirra og heimafólks. „Við vorum með átta tónleika í Hlöðunni okkar að Kvoslæk síðasta sumar og dveljum meira hér fyrir austan á þeim árstíma en fyrir sunnan að vetrinum. Það hefur samt enginn vetur verið núna en myrkrið er mikið hér í sveitinni í skammdeginu. Við reynum bara að lýsa það upp.“

Tónleikarnir í Breiðabólstaðarkirkju hefjast klukkan 20 í kvöld. Aðgangur er ókeypis og allir velkomir. **– gun**

## Ómótstæðilegur stílgaldur

**BÆKUR**

**Ástin Texas**

★★★★☆

**Höfundur:** Guðrún Eva Mínervudóttir
**Útgefandi:** Bjartur
**Blaðsíður:** 208

Svo öllu sé nú til haga haldið og fullrar sanngirni gætt er rétt að taka fram að sá sem þetta skrifar hefur verið ákafur aðdáandi Guðrúnar Evu Mínervudóttur frá því hún sendi frá sér sína fyrstu bók, smásagnasafnið Á meðan hann horfir á þig ertu María mey, fyrir tuttugu árum.

Það hríslast alltaf um mig feimniblandin eftirvænting þegar ég opna nýja bók eftir Guðrúnu Evu og hún bregst ekki heittrúuðum aðdáendum með Ástin Texas. Kannski var líka bara tími til kominn að við fengjum að lesa smásögur frá henni aftur.




Sögurnar í Ástin Texas eru fimm, Hyski, Glerbúrka, Smit, Þögn og Hús hinna deyjandi. Mögulega smásögur í lengri kantinum en saman mynda þær svo firnasterka og áleitna heild að maður spyr sig að lestri loknum hvað sé í raun smásaga?

Þessar fimm eru í það minnsta engar smá sögur þótt saman leggi þær ekki undir sig nema rétt rúmlega 200 blaðsíður. Þetta eru fimm hárbeittar örvar sem Guðrún Eva dýfir í görótta, ef ekki eitraða blöndu sammannlegrar reynslu kynslóðanna og tilfinninga sem við öll tökumst á við, áður en hún skýtur þeim einni af annarri beint í hjartastað lesandans.

Guðrún Eva er stílgaldrakona sem töfrar fram hughrif; gæsahúð, tár, bros, spennu, forvitni og allt þar á milli. Með fáum orðum og einföldum persónulýsingum kallar hún fram raunverulegar manneskjur sem maður tengir, eða tengir ekki, við en finnst maður samt þekkja svo óskóp vel. Skáldsagnapersónur Guðrúnar Evu eru bara ljóslifandi fólk af holdi og blóði.

Texti Guðrúnar Evu er þannig að maður á einfaldlega að gefa sig honum á vald. Ekki ofpæla eða reyna að greina. Bara að njóta og skynja. Hún er samt svo hugguleg við okkur að hún réttir okkur lykil á saurblaðinu. Kannski svona til vonar og vara ef við erum orðin svo upptekin í firringu þess sem allt þarf að greina og skilja.

*Il n'y a pas de rapport sexuel.*
*(Ástarsambönd eru ekki til.)*
*Lacan*

Aldrei tókst mér nú að skilja Lacan, þann leiðindagaur, þegar ég lærði bókmenntafræði en nú fatta ég í það minnsta eina setningu frá þeim franska, þegar Guðrún Eva setur hana í samhengi við textann sinn.

Sögurnar fimm fjalla um ólíkt fólk, alls konar fólk, en eiga allar sameiginlegt að hverfast um sambönd og þar af leiðandi óhjákvæmilega um sambandsleysi; elskenda, foreldra og barna, vina og kannski óvina, samband okkar og sambandsleysi við sjálf okkur og Guð?

Sögurnar fimm eru ótengdar og nátengdar, eins og persónur þeirra. Guðrún Eva fléttar þær saman og sundur í lesandanum og tilfinningum hans og með því að láta sumar persónur snertast, eða ekki, á milli sagna þannig að þessar fimm sögur mynda heildstætt og undurfagurt verk sem lifir í vitundinni löngu eftir að lestri lýkur.

**Þórarinn Þórarinsson**



Guðrún Eva er stílgaldrakona sem töfrar fram hughrif; gæsahúð, tár, bros, spennu, forvitni og allt þar á milli.

**NIÐURSTAÐA:** Textagaldrakonan Guðrún Eva töfrar hér fram dásamlegan seið sem gerir miklar kröfur til lesandans sem þarf þó ekki að gera annað en lesa og njóta.

## Síðasti bærinn í dalnum hefur elst illa

**TÓNLIST**

**Kvikmyndatónleikar**

★★☆☆☆

**Síðasti bærinn í dalnum eftir Óskar Gíslason við lifandi tónlist Jórunnar Viðar. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék.**

**Eldborg í Hörpu**
þriðjudaginn 11. desember

**Einsöngvari:** Hildigunnur Einarsdóttir.
**Stjórnandi:** Bjarni Frímann Bjarnason.

Ég man eftir að hafa orðið skelkaður þegar ég sá Síðasta bæinn í dalnum barn að aldri. Eitthvað var óhugnanlegt við illgjörn tröll sem gátu breytt sér í venjulegt fólk. Myndin, sem var eftir Óskar Gíslason eftir sögu Lofts Guðmundssonar, var sýnd á bíótónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þriðjudagskvöldið. Segjast verður eins og er að hún hefur ekki elst vel. Auðvitað er skiljanlegt að þessi fyrsta íslenska kvikmynd í fullri lengd, með frumsaminni, íslenskri kvikmyndatónlist, sé fátækleg miðað við það sem viðgengst í dag. Myndin var jú gerð árið 1949, þegar tæknin var frumstæð og kunnáttan hér á landi ekki mikil. Kvikmyndaleikur var óskrifað blað og eftir því tilgerðarlegur, öll framsögn afkáraleg.

Af þessum sökum var töluvert flissað í Eldborginni, og ekki bara á þeim stöðum í myndinni sem beinlínis áttu að vera fyndnir. Í sjálfu sér hefði því mátt hafa gaman af, en tónlistin gerði þá ánægju að engu. Hún var eftir Jórunni Viðar, en hundrað ár eru liðin frá fæðingu hennar um þessar mundir. Nú var upprunalega tónlistin leikin á sýningunni, önnur en sú sem síðar var notuð. Frumútgáfa myndarinnar hefur ekki varðveist og þegar hún var endurgerð með nýrri hljóðrás árið 1968 var það ekki í samvinnu við Jórunni. Notkun tónlistarinnar í myndinni, eins og hún var sýnd í sjónvarpinu á áttunda áratugnum og síðar, var því á skjön við það sem tónskáldið hugsaði sér.

Tónlist Jórunnar í Eldborginni, þó að hún hafi núna verið sú rétta, var




Fyrsta auglýsingaplakatið um Síðasta bæinn í dalnum, sem er hið skemmtilegasta, er geymt í Kvikmyndasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

of kurteisleg fyrir óhugnaðinn í sögunni. Hápunktar hryllingsins voru slappir og misstu marks. Húmorinn skilaði sér yfirleitt ekki heldur. Leiðarstef sem tengdust mismunandi persónum voru á köflum ofnotuð, svo tónlistin varð endurtekningarsöm og leiðigjörn. Vissulega voru fallegar melódíur innan um, og stundum skapaðist áhugaverð stemning, eins og t.d. þegar leikið var á langspil, en heildarmyndin var veik.

Jórunni lét best að semja sönglög, en samt var eitt versta augnablikið í myndinni söngur sem dúkkaði upp á furðulegum stað. Hann gerði nákvæmlega ekkert fyrir framvinduna í sögunni. Lagið var auk þess lélegt, a.m.k. í samhenginu, sönglínan náði aldrei flugi. Hildigunnur Einarsdóttir söng; rödd hennar barst illa. Útkoman var neyðarleg.

Í gegnum tíðina hefur töluvert verið um það að ný tónlist hefur verið samin við gamlar, þöglar myndir. Frábært dæmi um það var á RIFF fyrir um fimm árum. Damo Suzuki, sem áður hafði verið söngvari þýsku krautsveitarinnar Can, flutti þar eigin tónlist ásamt hljómsveit við kvikmyndina Metropolis. Það var stórfengleg upplifun. Nýrra dæmi er tónleikar Lúðrasveitarinnar Svans, en þá var sýnd þögla myndin Hershöfðinginn við magnaða tónlist eftir Davíð Þór Jónsson. Síðasti bærinn í dalnum, sem óumdeilanlega braut blað í íslenskri kvikmyndasögu, og á af þeim ástæðum virðingu skilið þrátt fyrir hnökrana, býður upp á slíka nálgun. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frumgerð myndarinnar við upprunalegu tónlistina olli vonbrigðum.



Tónlistarmaðurinn og BAFTA-verðlaunahafinn Ólafur Arnalds verður með tónleika í Hörpunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. DESEMBER 2018

### Sýningar

**Hvað?** Stundum (yfir mig fjallið)
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Berg Contemporary, Klapparstíg
Síðasta sýningarvika málverkasýningar Johns Zurier, Stundum (yfir mig fjallið). Sýningin er opin í Berg Contemporary að Klapparstíg til 22. desember. Opnunartímar eru þriðjudaga til föstudaga frá 11-17 og laugardaga frá 13-17.

### Tónlist

**Hvað?** Sigurdís – Rósa jólakvartett á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Á djasskvöldi Kex Hostels í kvöld, þriðjudaginn 18. desember, sameina Sigurdís Sandra og Rósa Guðrún krafta sína og koma gestum í jólastemningu með eigin útfærslum á þekktum og minna þekktum jólalögum. Nýir íslenskir jólatextar líta einnig dagsins ljós. Sigurdís Sandra lauk námi í djasspíanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2017. Hún hefur látið á sér bera í íslensku tónlistarlífi og meðal annars komið fram á Jazzhátíð Reykjavíkur og í tónleikaröðinni Freyjujazz. Hún stundar nú framhaldsnám við Syddansk Musikkonservatorium í Danmörku. Hljómsveitina skipa, auk Sigurdísar og Rósu, Sigmar Þór Matthíasson bassaleikari og Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir trommuleikari.

**Hvað?** Ólafur Arnalds í Eldborg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Tónlistarmaðurinn og BAFTA-verðlaunahafinn Ólafur Arnalds lýkur viðburðaríku ári með tónleikum í Eldborgarsal Hörpu þann 18. desember en tónleikarnir eru hluti af metnaðarfyllsta tónleikaferðalagi hans til þessa. Þrjú ár eru



Á Drink and Draw hittist fólk á Prikinu og drekkur og teiknar. Það verður gert í kvöld með jólabrag.

síðan Ólafur hélt síðast tónleika á Íslandi en undanfarin misseri hefur hann unnið að hinum ýmsu verkefnum s.s. kvikmynd og plötu undir nafninu Island Songs, tónlist fyrir sjónvarpsþáttaraðirnar Broadchurch og Philip K. Dick's Electric Dreams auk þess að ferðast um heiminn með raftónlistardúóinu Kiasmos.

**Hvað?** Þú veist... svona jóla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Þrír kórar og söngsveit blása til jólalagastórveislu í Langholtskirkju þriðjudaginn 18. desember klukkan 20.00. Kórarnir eru Karlakórinn Esja undir stjórn Kára Allanssonar, Kvennakórinn Katla undir stjórn Lilju Daggar Gunnarsdóttur og Hildigunnar Einarsdóttur og Drengjakór Reykjavíkur undir stjórn Helga Rafns Ingvarssonar. Auk þeirra kemur söngsveitin OLGA Vocal Ensemble alla leið frá Utrecht í Hollandi. Saman flytja þau sín uppáhaldsjólalög með hátíðarbrag og senda ykkur út í hátíðarnar í hátíðarskapi. Möndlubásinn verður á staðnum með góðgæti að tónleikum loknum.

**Hvað?** Jólatónleikar Háskólakórsins
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Neskirkja
Nú er kominn sá tími þar sem hátíð fer að höndum ein og við skreytum hús með grænum greinum. Í heitri þökk viljum við því bjóða ykkur á dýrmætis jólatónleika þann 18. desember í Neskirkju. Við erum með mjög skemmtilega dagskrá af lögum, því á jólunum er gleði og gaman, og hlökkum við til þess að koma ykkur aldeilis í jólaskapið! Það er okkar von að þið munið líta til baka á þessa tónleika og hugsa „Nóttin var sú ágæt ein, er við héldum á tónleika með Háskólakórnum 2018“. Einnig í tilefni þess að bjart er yfir Betlehem þá verður frítt inn á tónleikana en við munum taka við frjálsum framlögum og verða seldir geisladiskar Háskólakórsins sem eru flottir í jólapakkana.

**Hvað?** Hátíðardjass í Hafnarfirði
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Hafnarfirði
Strákarnir í hafnfirsku hljómsveitinni Trio North halda jólatónleika á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 18. desember kl. 21.00. Þeir fá til liðs við sig söngkonuna Gyðu Margréti Kristjánsdóttur sem er góðvinur hljómsveitarinnar. Saman munu þau flytja nokkur af helstu jólalögum samtímans sem allir þekkja með áhrifum frá djassi, blús og poppi. Viðburðurinn er liður í eflingu menningarstarfs í Hafnarfirði.

### Viðburðir

**Hvað?** Jólafest Drink and Draw
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Jólagleði Drink and Draw verður haldin þann 18. desember á Prikinu! Það er DJ á staðnum, list eftir virka Drink and Draw-ara til sölu og happy hour all night long.

**Hvað?** HÓ HÓ HÓ Jólauppistand á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hugleikur Dagsson, Snjólaug Lúðvíksdóttir og Jonathan Duffy hafa farið sigurför víðs vegar um heiminn og snúa nú aftur á Húrra til þess eins að kitla hláturtaugar.

**Hvað?** Þriðjudags ljóð og list
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mynt, Hverfisgötu
Listamenn sem taka þátt: Árni Már Erlingsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Siggi Olafsson, Harpa Einarsdóttir, Heida Hellvar, Hugleikur Dagsson, Guðfinnur Þórir Stefánsson, Na Rfi og Þórgnýr Inguson.

**Hvað?** 50 ára afmæli Bókasafns Garðabæjar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Bókasafnið 50 ára – ljósmyndasýning, átthagastofa og afmælissýning opnuð, jólasveinar koma í heimsókn.












# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.55** **Aðstoðarmenn jólasveinanna**
**13.00** **Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2010-2011**
**13.55** **Eldað með Ebbu - jól**
**14.25** **Úr Gullkistu RÚV. Andraland**
**14.55** **Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum**
**15.25** **Jólatónar í Efstaleiti**
**15.35** **Innlit til arkitekta**
**16.05** **Annar heimur**
**16.30** **Menningin - samantekt**
**16.55** **Íslendingar**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Jóladagatalið. Hvar er Völundur?** Þeir Felix og Gunni þurfa að leita að smiðnum Völundi en hann er sá sem smíðar jólagjafirnar. Leitin er ævintýri líkust því þeir félagar fara inn í hvert völundarhúsið á fætur öðru og hitta fyrir margvíslegustu þorpara. En þeir halda ótrauðir áfram og yfirvinna hræðslu og aðrar hindranir. Handrit gerði Þorvaldur Þorsteinsson, en leikstjórn og aðalhlutverk voru í höndum þeirra Gunnars Helgasonar og Felix Bergssonar.
**18.07** **Ofurmennaáskorunin** Sjónvarpsmaðurinn Tim Fitzhigham hittir fólk með hæfileika sem telst varla mennskt og skorar á það í þrautir á heimavelli.
**18.33** **Hönnunarstirnin** Stílistarnir Nico og Andrés leita að nýrri hönnunarstjörnu og leggja skemmtileg verkefni fyrir fjóra nýja keppendur.
**18.50** **Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, Sævar Helgi Bragason og Jóhannes Ólafsson.
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.05** **Annar heimur**
**20.35** **Til borðs með Nigellu – Jólaþáttur** Nigella Lawson töfrar fram hátíðlegar krásir í sérstökum jólaþætti.
**21.35** **Ártún** Margverðlaunuð stuttmynd í leikstjórn Guðmundar Arnar Guðmundssonar sem segir frá ungum dreng sem langar að upplifa sinn fyrsta koss. Ekkert gengur í litla þorpinu þar sem hann býr, en vinir hans segja honum frá stelpum í borginni sem fara í vímu og eru til í allt þegar þær reykja sígarettur. Hann á erfitt með að trúa því en ákveður samt að fara með þeim til borgarinnar og sjá hvað setur. Aðalhlutverk: Flóki Haraldsson, Viktor Leó Gíslason, Daníel Óskar Jóhannesson, Jónína Þórdís Karlsdóttir og Heiða Ósk Ólafsdóttir.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.25** **Leitin að Shannon - Seinni hluti**
**23.25** **Skarpsýn skötuhjú**
**00.20** **Kastljós**
**00.35** **Menningin**
**00.45** **Dagskrárlok**

## HRINGBRAUT

**20.00** **Hugarfar**
**20.30** **Fasteignir og heimili**
**21.00** **21 - Fréttaþáttur á mánudegi**
**22.00** **Hugarfar**
**22.30** **Fasteignir og heimili**
**23.00** **21 - Fréttaþáttur á mánudegi**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.30** **The Late Late Show with James Corden**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.50** **Ghosted**
**14.15** **The Good Place**
**14.40** **Survivor**
**15.25** **Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
**16.25** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00** **The Late Late Show with James Corden**
**19.45** **Gordon, Gino and Fred's Great Christmas Roast**
**21.00** **War Horse**
**23.30** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.55** **Underverden**
**02.50** **Dear White People**
**04.40** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Segðu mér**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Á reki með KK**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Tríó**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Frjálsar hendur**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Víðsjá**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestin**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Útvarp Krakka RÚV (212 af 400) Menningarheimurinn - Jólalög 2/2**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Endurómur úr Evrópu. Jólatónleikar frá Tékklandi**
**20.00** **Mannlegi þátturinn**
**21.35** **Góði dátinn Svejk (17 af 39)**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Samfélagið**
**23.05** **Lestin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** **Hail, Caesar!**
**13.35** **Almost Married**
**15.15** **The Yellow Handkerchief**
**16.50** **Hail, Caesar!**
**18.40** **Almost Married**
**20.20** **The Yellow Handkerchief**
**22.00** **Suicide Squad**
**01.45** **The Few Less Men**
**03.20** **Suicide Squad**

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.20** **Lína langsokkur**
**07.45** **Friends**
**08.10** **The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The New Girl**
**09.55** **Cats v Dogs. Which is Best?**
**10.55** **Lóa Pind. Snapparar**
**11.35** **Einfalt með Evu**
**12.00** **Um land allt**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Britain's Got Talent**
**14.05** **Britain's Got Talent**
**15.05** **Britain's Got Talent**
**16.05** **The Secret Life of a 4 Year Olds**
**17.00** **Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins.
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.25** **Fréttayfirlit og veður**
**19.30** **The Goldbergs**
**19.55** **Modern Family**
**20.20** **The Bridge 2**
**21.50** **Blindspot**
**22.35** **Outlander**
**23.30** **The Good Doctor**
**00.45** **Wentworth**
**01.35** **The X-Files**
**02.15** **NCIS**
**02.55** **Black Widows**
**03.40** **Black Widows**
**04.25** **Stolen Daughters. Kidnapped By Boko Haram**
**05.45** **The Middle**

## STÖÐ 3

**19.05** **Two and a Half Men**
**19.30** **Þær tvær**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **One Born Every Minute UK**
**21.40** **Flash**
**22.25** **Westworld**
**23.25** **It's Always Sunny in Philadelpia**
**23.50** **All American**
**01.20** **Þær tvær**
**01.50** **Seinfeld**
**02.15** **Friends**
**02.40** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.25** **Tottenham - Burnley**
**11.05** **ÍR - Afturelding**
**12.35** **Seinni bylgjan**
**14.05** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**14.30** **Spænsku mörkin**
**15.00** **Alaves - Athletic Bilbao**
**16.40** **Manchester City - Everton**
**18.20** **Ítölsku mörkin**
**18.50** **Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**19.40** **Leicester - Manchester City**
**21.45** **Torino - Juventus**
**23.25** **Bologna - AC Milan**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** **Watford - Cardiff**
**08.40** **Crystal Palace - Leicester**
**10.20** **Football League Show**
**10.50** **Derby - Nottingham**
**12.30** **HM í pílukasti**
**16.30** **Seinni bylgjan**
**18.05** **Premier League Review**
**19.00** **HM í pílukasti**
**23.00** **Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**23.50** **Middlesbrough - Burton**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Opnunartími

### í desember og yfir hátíðirnar

| | | |
|---|---|---|
| 18. des. | **11:00-18:30** | Þriðjudagur |
| 19. des. | **11:00-19:00** | Miðvikudagur |
| 20. des. | **11:00-19:00** | Fimmtudagur |
| 21. des. | **10:00-21:00** | Föstudagur |
| 22. des. | **10:00-21:00** | Laugardagur |
| 23. des. | **10:00-21:00** | Sunnudagur |
| 24. des. | **10:00-14:00** | Aðfangadagur |

## Allt fyrir SKÖTUVEISLUNA




**1.298** kr. kg

**Fiskbúðin okkar Skata**
Kæst og söltuð




**998** kr. kg

**NF Saltfiskbitar**
Útvatnaðir, frosnir




**359** kr. 900 g

**Bónus Kartöflur**
Forsoðnar, 900 g

norðanfiskur




**1.598** kr. kg

**NF Þorskhnakkar**
Léttsaltaðir, frosnir

**798** kr. 500 g

**Hamsatólg**
500 g

# Gjafakort Bónus

## Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla




### Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**





# Ef Guðni gerði eins og Pútín

Rússlandsforseti vill að ríkisstjórn landsins fari að stýra rapptónlist og hefur skipað menningarmálaráðuneytinu að finna leið svo ungmenni landsins fari sér ekki að voða við að hlusta á taktfasta tóna. Sem betur fer er forseti Íslands ekki eins. En ef svo væri, hvað myndi Guðni vilja koma böndum á?

## Rauðu ljósin á Snorrabraut

Auðvitað ætti Guðni bjarga þessari götu. Sjö umferðarljós, hraðahindranir, þrengingar og fleira sem gerir hana að götu sem flestir forðast að keyra.



## Íslensku hraðahindranirnar

Ef Guðni þyrfti að koma einhverjum böndum á umferðina væri það að fjarlægja þessar séríslensku hraðahindranir sem allir sveigja fram hjá til að eyðileggja ekki bílinn.



## Jólatónleikar

Ef það þarf að koma böndum á eitthvað þá eru það jólatónleikar. Þeir eru úti um allt og allir sem hafa snert hljóðfæri slá upp tónleikum í desember.



## Rapp

Kannski hefur hann sömu áhyggjur af æsku landsins og Pútín. „Rapp, og annað nýmóðins, byggir á þremur meginstoðum: kynlífi, fíkniefnum og mótmælum,“ sagði Pútín. Trúlega þarf Guðni ekki að hafa nokkrar áhyggjur enda er ort um að þetta megi, Silfurskottur, Morgunmat og fleira hér á landi.

## Ananas á pitsu

Trúlega myndi hann láta verða af því. Setti heiminn nánast á hvolf með þeim ummælum að hann vildi láta banna ananas sem álegg á pitsu en dró síðar í land. En þetta er rétt hjá honum. Það þarf að koma böndum á pitsur með ananas.





## Skammdegið

Guðni getur nánast allt. Það væri ósk flestra að fá örlítið meira sólskin yfir þessa dimmustu mánuði. Það mætti skella böndum á skammdegið.




## Lægðir

Lægðir án snjós eru alveg óþolandi. Ef það þyrfti að koma böndum á eitthvað væri það þessar snjólausu lægðir.



## Nagladekk

Þarfaþing á mörgum stöðum þar sem snjór fellur á jörðina en auðvitað ætti að banna þeim, sem ekki þurfa, að nota nagladekk. Í Reykjavík er engin ástæða til að vera á svona dekkjum.



## Þeir sem kunna ekki að leggja

Ökukennarar leggja víst ekki mikla áherslu á það að leggja bílnum í ökutímum. Þetta þarf Guðni að koma böndum á. Flestir Íslendingar kunna ekki að leggja og nægir að fara í bílakjallara og labba um miðbæinn til að sjá það.




# LÍMMIÐAR ... og svo miklu meira

Við prentum allar gerðir af límmiðum fyrir stóra sem smá viðskiptavini.
Mikið úrval af stöðluðum límmiðum og einnig hægt að panta stafrænt prentaða miða á heimasíðunni okkar.
Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins láta prenta límmiða og umbúðir hjá okkur.
Hafðu samband og fáðu tilboð í límmiða eða umbúðir.




pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókháls 1 • 110 Reykjavík • Iceland • S. 567 8888 • www.pmt.is

**NÝ HEIMASÍÐA**
**www.pmt.is**

# Yljaðu ástvinum með Heliosa hitara í vetur




# 30% afsláttur í desember

Allir hitararnir eru farstýrðir.

Koma með 5m langri snúru og kló.



Margar gerðir til
á lager 1300 til 3000 w.
Hvítir og svartir.

Finndu okkur
á facebook

30 ÁRA 2018
Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is






Underworld keyrði reifið í gang á Sónar í fyrra en í ár verður enn meiri keyrsla. MYND/ÍVAR EYÞÓRS

# Líklega stærsta reif landsins

Sónarhátíðin fer fram í apríl á næsta ári. Tilkynnt hefur verið um fjölda listamanna nú þegar og er reifið þar í algleymingi. Með auknum vinsældum raftónlistar hefur reifið vaknað af dvala.

Nú hefur verið tilkynnt um næstu öldu listamanna á Sónarhátíðina sem fram fer í apríl næstkomandi. Það er fullt af alls konar fólki í þessum hópi en kannski ber helst að nefna hvað reifinu er gert hátt undir höfði á hátíðinni í ár. Reifgoðsagnirnar í Orbital ætla meðal annars að mæta, en þeir bræður Phil og Paul Hartnoll hafa verið að reifa síðan reifgestir nútímans voru í móðurkviði.

„Ég held að það sé óhætt að fullyrða að miðað við þá listamenn sem búið er að tilkynna nú þegar á hátíðina Sónar Reykjavík 2019 má telja að þetta verði eitt stærsta og besta reif sem haldið hefur verið hér á Íslandi, eða síðan einhvern tímann á 10. áratugnum. Orbital, Richie Hawtin, Jon Hopkins, FM Belfast… þetta er allavega partí þar sem heldur betur má dansa. Og þá er ég ekki einu sinni búinn að minnast á kjallarann, sem er orðinn að eina teknóklúbbi landsins. Avalon Emerson, Objekt, Benjamin Damage og fleiri eru algjör hvalreki fyrir íslenskt danstónlistarfólk,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Resident Advisor sviðið snýr aftur og verður í bílakjallara Hörpunnar eins og í fyrra en þar verður líka blússandi reifstemming í hávegum höfð og þar spila listamenn eins og Avalon Emerson, Benjamin Damage, Objekt og Exos. Þeir Árni og Bruce taka svokallað „back to back“, þar sem þeir skiptast á að skella dansspregjum á plötuspilarana. Það hefur verið venja á Sónar að para saman einn íslenskan plötusnúð og stóran erlendan plötusnúð og það eru þeir Bruce og Árni sem taka það að sér í ár.



Jon Hopkins á sennilega eftir að láta fólk missa alls kyns vessa á Sónar.



Hún Avalon Emerson hefur verið að gera það ansi gott í raftónlistinni.

**MIÐAÐ VIÐ ÞÁ LISTAMENN SEM BÚIÐ ER AÐ TILKYNNA NÚ ÞEGAR Á HÁTÍÐINA SÓNAR REYKJAVÍK 2019 MÁ TELJA AÐ ÞETTA VERÐI EITT STÆRSTA OG BESTA REIF SEM HALDIÐ HEFUR VERIÐ HÉR Á ÍSLANDI.**

Richie Hawtin og Jon Hopkins voru svo tilkynntir í síðasta holli en þeir munu einnig láta dansinn duna og halda uppi reifinu ásamt fleirum. Það er ærið tilefni til að fara upp á loft, finna gamla reifgallann og snuðið og dusta rykið af töffinu frá því 1995 og setja það í gang fyrir Sónar.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# CHIPOTLE DORITOS BURRITO

STERKT & GOTT
Doritos
NJÓTTU VEL!



**STÖK** 949 KR.

Rjúkandi Burrito með kjúklingi, hrísgrjónum, cheddar-osti, tómötum, beikoni, svörtu Doritos og chipotle-sósu.

**MÁLTÍÐ** 1699 KR.



Chipotle Doritos Burrito, svart Doritos og ostasósa, miðstærð af gosi og Stjörnurúlla.

TACO BELL

Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Ritskoðun fyrir fulla

Maður á víst ekki að auglýsa hér í Bakþönkum en ég stenst ekki mátið enda hafa margir þrýst á mig eftir skandala síðustu misserin:

Hver hefur ekki lent í því að verða fullur og finna fyrir mikilli tjáningarþörf? Hver hefur ekki lent í því að ausa í ölvímu sinni orðum sem hann hefur engan skilning á? Hver hefur ekki sest niður drukkinn við tölvuna og vaðið af stað í foraðið á fasbókinni? Hver hefur ekki þurft að glíma við þann vanda að biðja alla velvirðingar á úthellingum ölvímunnar? Nú er lausnin fundin, þökk sé Skáldalausnum ehf. sem kenna þér að binda alla kergjuna í kviðlinga.

Áður en ég kynntist Skáldalausnum var ég munnsafnaðarsóði mikill og fóru virkir dagar að mestu í það að biðja fólk afsökunar. Það er að segja ef orðfæri mitt fór á flakk. En eftir að ég fór að yrkja eftir aðferðum Skáldalausna hefur enginn haft horn í síðu minni. Skáldalausnir byggja á aðferðafræði Hemingways sem sagði að gott væri að skrifa fullur en fara svo yfir textann ófullur. Hann lenti aldrei í því að vakna þunnur og spyrja „hvern andskotann skrifaði ég í bókina í gær?“.

Ef klúr ljóð komast í gegnum ritskoðun þessa má alltaf gefa þau út í ljóðabók þannig að enginn sjái þau.

Eftir að ég kynntist Skáldalausnum hef ég líka farið að yrkja edrú. Einsog ljóðið mitt undurfagra: elskaðu mig einsog ég er og ég skal vera einsog þú vilt.

Eða þegar ég kom niður á þessa ferskeytlu hérna:

Ein af þessum iðjum/sem einatt veldur harmi:/er menn í flokki miðjum/mæla úr…

Nei, ég var líklegast aðeins búinn að fá mér í tána þarna.








